

Ókeypis eintak
YOUR FREE COPY

Vestfirðir

Sumarið 2014





Vestfirðir: Vissir þú að....

... einungis 11 kílómetra landræma tengir Vestfjarðakjálkann við meginlandið? Landfræðileg mörk kjálkans eru við Gilsfjörð að sunnan og Bitrufjörð að norðan, en þar á milli eru aðeins um ellefu kílómetrar. Lögsagnarumdæmi Vestfjarða nær þó allt suður á Holtavörðuheidi.



...ef nátttröllunum sem þjóðsagan segir frá hefði tekist ætunarverk sitt væru Vestfirðir eyja? Sagan hermir að þau hafi ætlað að skilja kjálkann frá landinu með því að grafa skurð á milli. Þeim entist þó ekki nóttin - þetta hefur kannski verið að vori - og þegar dagaði breyttust þau í steindranga, eins og vera vill um tröll. Eyjarnar ótalmörgu á Breiðafirði, og hólmar og sker við Húnaflóa, eru leifar jarðvegarins sem tröllin mokuðu út í sjó.

...frá Vestfjörðum eru aðeins um 300km yfir sundið til Grænlands, styttra en frá Hólmavík á Akureyri? Í góðu skyggni má sjá á milli hæstu fjalla hvoru megin sundsins. Nálægðin þýðir líka að oftast en einu sinni, tvisvar og þrisvar hafa hvítabirnir frá Grænlandi sótt Vestfirðina heim.

...strandlengja Vestfjarða er tæpir 2.000 kílómetrar og rétt um einn þriðji hluti allrar strandlengju Íslands?

...á Vestfjörðum eru nú níu sveitarfélög? Talið réttisælis eru það Reykhólahreppur, Vesturbýggð, Tálknafjarðarhreppur, Bolungarvík, Ísafjarðarbær, Súðavíkurhreppur, Árneshreppur, Kaldrananeshreppur og Strandabýggð.

...Árneshreppur á Ströndum er fámennasti hreppur landsins? Samkvæmt tölum Hagstofunnar bjuggu þar samtals 50 manns 1. janúar 2014.

...Látrabjarg er vestasti punktur Evrópu? Látrabjarg er líka eitt þéttsetnasta fuglabjarg veraldar. Og Vestfirðir geta svo stært sig af tveimur mikilfenglegum björgum til, nefnilega Hornbjargi og Hælavíkurbjargi á Hornströndum.

...Drangajökull, á norðursvæði Vestfjarða, er fimmti stærsti jökull landsins? Hájökullinn er vinsæll til útivistar, en sprungnir skriðjökklar teygja anga sína niður í dali. Firðir og djúpir dalir eru yfirleitt það sem ferðalangar

muna af Vestfjörðum, en að ofanverðu er Vestfjarðakjálkinn hins vegar gróðursnauð og jökulskafin háslétta.

...jarðfræðilega eru Vestfirðir elsti hluti Íslands? Elsta berg í hraunlögum á Vestfjörðum er um 16 milljón ára gamalt, heilum þremur milljónum ára eldra en það sem elst hefur fundist á Austfjörðum.

...á Vestfjörðum má finna steingervinga úr voldugum skógum sem þar uxu fyrir tíu til fjórtán milljónum ára? Loftslagið var þá heittemprað, svipað og nú er í Kaliforníu, þó erfitt sé að gera sér slíkt í hugarlund. Í hlíð Helgafells við utanverðan Dýrafjörð fannst til dæmis rauðviðarbolur sem er nærri metri í þvermál. Af öðrum viðartegundum má nefna valhnotu, beyki, hlyn, elri og vínvið.

...engin eldvirkni er á Vestfjörðum og hefur ekki verið síðustu tíu milljón árin? Jarðhiti er hins vegar allvíða, en hann er einna mestur í Reykhólasveit og í Reykjanesi við Ísafjarðardjúp. Á síðarnefnda staðnum má til dæmis komast í nána snertingu við jarðhitann í útilauginni sem sumir vilja kalla stærsta heita pott landsins.

...undirlendi er af afar skornum skammti á Vestfjörðum og helst að finna í nokkrum fjarðarbotnum? Reykhólasveit, Barðaströnd, Rauðasandur og sveitir í Strandasýslu eru helstu undantekningar þar á, en inn á milli fjalla leynast þó líka gróðurrikir reitir.

...lítið er um stöðuvötn á Vestfjörðum og að flestar ár á svæðinu eru vatnslitlar? Þó getur enginn neitað því að Vestfirðingar eiga einn af tilkomumestu fossum landsins, Dynjanda í Arnarfirði.

...aðalheimkynni konungs íslenskra fugla, hafarnarins, eru á Breiðafjarðareyjum? Vestfjörðum tilheyrir reyndar aragrúi eyja:

bróðurpartur Breiðafjarðareyja hverra Flatey er stærst og þekktust, Æðey, Vigur og Borgarey á Ísafjarðardjúpi og Grímsey á Steingrímsfirði, auk annarra smærri eyja og hólma.

...að þegar harðindakaflar og hungursneyð ríðu yfir þjóðina á öldum áður varð sjaldan matarskortur á Vestfjörðum? Sjórinn er matarkista Vestfjarða. Stutt er á fengsæl fiskimið, selir eru í látrum og víða er æðarvarp. Eggjatekja úr björgunum og fuglaveiði hefur líka reynst Vestfirðingum afar drjúg og satt hungur þeirra í aldaraðir.

...að Vestfirðir eru tæplega einn tíundi hluti af flatarmáli Íslands?

...að þjóðvegur númer eitt liggur ekki um Vestfirði? Vestfirðingar eiga hins vegar sinn eigin hringveg, með mörgum útúrkrókum sem gaman er að kanna.

...að byggð lagðist af á Hornströndum, þar sem nú er Hornstrandafríðland, um miðja síðustu öld? Landshlutinn var afar harðbýll og samgöngur sérlega torsóttar. Frá Horni í Hornvík eru til dæmis tvær dagleiðir fyrir gangandi mann yfir á Hesteyri, þangað sem skroppið var eftir læknisaðstoð eða til að skila bók á bókasafnið.

... að Vestfirðingar þóttu á árum áður skera sig nokkuð frá öðrum Íslendingum? Matarvenjur þeirra þóttu sérkennilegar, nafngiftirnar frábrugðnar því sem tíðkaðist annars staðar og málfarið á köflum stórundarlegt. Orðatiltækið „mjer blæðir í froðu“ ku til dæmis vera sérvestfirskt, en það mun þýða að mælanda blöskri eitthvað.

...að samkvæmt tölum Hagstofunnar voru Vestfirðingar 6.980 talsins 1. janúar 2014? Og kannski 6.981 núna?

Að finna ævintýrið

Sólsetur við Látrabjarg, bónorð í fjörunni, einangrun á Galtarvita, glampanði giftingarhringur á hafsbotni. Allt er þetta á meðal atburða í ferðasögunum sem finna má í blaðinu í ár.

Ferðalög á Vestfjörðum eru viðburðarík. Það verður ekki hjá því komist þegar fjaran kallar og fjöllin teygja sig upp í himininn og leggja á ráðin um næsta ævintýri til að bera á borð fyrir ferðalanga. Hver veit hvað biður handan næstu þúfu - yfirgefið og draugalegt eyðibýli, kannski? Ný myndlistarsýning í dansi við náttúruna? Eða kannski innblásinn rithöfundur að störfum?

Það er nóg um að vera og við að vera á Vestfjörðum, og blaðið ber þess skýr merki. Tónlistarhátíð á Drangsnesi, heimildamyndahátíð á Patreksfirði, myndlistarsýning í Vesturbyggð, Mýrabolti á Ísafirði - svo ekki sé nú minnst á allar bæjarhátíðirnar sem setja svip sinn á sumarið - er ekki nema brot af því sem á

daga ferðalanga getur drifið. En í öllu þessu ríkidæmi uppákoma og viðburða verður líka að gæta þess henda dagatalinu út um gluggann og gleyma öllu sem tengist tíma. Finna tímaleysið sem felur sig í jökulskornum fjöllum og lygnum fjörðum.

Ferðalögum um Vestfirði tilheyrir nefnilega ekki síður að leggjast niður í mjúkt lyng, horfa upp í langt að komin ský og láta sig dreyma um líf þar sem maður þarf aldrei að halda áfram för. Að freistast til að stinga sér í sjóinn að kvöldlagi. Að teikna í rauðan sand með tánum og láta sig engu varða hvort það sé morgunn eða kvöld. Þar byrja ævintýrin.

Hver veit nema ykkar ferðasaga rati á þessar síður að ári?

Velkomin vestur.

Sunna Dís Másdóttir og Berglind Häsler



Í blaðinu

Vestfirðir marka spor sín víðar en í hjötu ferðalanga - til dæmis í **bókmenntasögunum**. Á bls. **20** má fræðast um nokkrar íslenskar skáldsögur þar sem Vestfirðirnir stórbrotu fara með veigamiklu hlutverk.

Rétt eins og víðar á landinu standa eyðibýli á víð og dreif um Vestfirði - misgömul og mismærk. Aðstandendur verkefnisins **Eyðibýli á Íslandi** leyfðu ferðablaðinu að skyggjast í sinn rann. Á bls. **16** má skoða myndir og fræðast um nokkur þeirra svipmiklu húsa sem horfa tómeygð á eftir ferðamönnum um svæðið.

Þau Þóra Arnórsdóttir, Rósa Björk Ingólfssdóttir og Örvar Smáráson eru á meðal þeirra fjölmörgu sem hafa látið heillast af Vestfjörðum. Þau deila **ferðasögum** með lesendum á bls. **30, 36** og **42** þar sem bregður fyrir týndum giftingarhring, skafheiðum himni, frosthörkum að vetri og einu bónorði...

Ferðablaðið leitaði líka í rann þeirra sem lifa og hrærast á Vestfjörðum árið um kring og þekkja landshlutann eins og lófann á sér. Vestfirðingar mæla með sínum **uppáhaldsstöðum** og eftirlætisidjum á víð og dreif í blaðinu - ekki missa af því! Við gleymum heldur ekki mikilvægustu ferðalöngunum, þeim sem sitja í aftursætinu og láta sig dreyma um næsta stopp. **Vestfirsk börn** héðan og þaðan af kjálkanum lauma líka góðum uppástungum að dægradvöl til jafnaldra sinna í blaðinu.

Að stíga inn í **gömlu bókabúðinni á Flateyri** er eins og að fara aftur í tíma - og í sumar verður boðið upp á langömmukaffi í húsinu. Lesið um það á bls **12**.

Á bls. **8** má finna viðtal við tónlistarmanninn Björn Kristjánsson, Borko, sem hefur hreiðrað um sig í gamla bókasafninu á Drangsnesi og skipuleggur þar **tónlistarhátíðina Sumarmölinu** í sumar.

Og þá er bara fátt eitt nefnt. Í blaðinu er einnig að finna umfjöllun um **líflögasta safn** landsins, viðtal við göngukonuna Elínu Sveinsdóttur sem stefnir á **Hornstrandir** í sumar, umfjöllun um landnámskonuna og kraftakerlinguna **Puríði sundafylli** og greinar um **ljósmyndasýningu** á Djúpvavík, **heimildamyndahátíð** á Patreksfirði og svo ótalmargt annað. Njótið vel!

DON'T MISS OUR ENGLISH ITEMS, MARKED WITH PINK!

Vestfirðir
Sumarið 2014

Vestfirðir sumarið 2014 er upplýsingablað fyrir ferðafólk á leið um Vestfirði. Blaðið kemur nú út í tuttugasta sinn og liggur að venju frammi án endurgjalds á viðkomustöðum ferðafólks og víðar um land allt.

Útgefandi: Gúttó ehf., Silfurgötu 1, 400 Ísafirði,
Sími 456 4560
Netfang bb@bb.is
Veffang www.bb.is

Ritstjórn og efnisvinnsla: Sunna Dís Másdóttir og Berglind Häsler

Ábyrgðarmaður: Sigurjón J. Sigurðsson

Ljósmyndir: Halldór Sveinbjörnsson, Sigurjón J. Sigurðsson, Mats Wibe Lund og miklu fleiri.

Forsíða: Turnhúsið, Ísafirði

Umbrot og prentvinnsla: Skaparið ehf.

Eftirprentun, hljóðritun, notkun ljósmynda og annars efnis er óheimil nema heimildar sé getið.



Vestfirðir: Did you know that...

... the Westfjords peninsula is only connected to the mainland by an 11 km wide strip of land?

The limits of the Westfjords are Gilsfjörður in the south and Bitrufjörður in the north. However, the Westfjords jurisdiction reaches as far south as Holtavörðuheidi moor.



...according to folk lore, three night trolls once attempted to separate the peninsula from the mainland? They planned to do so by digging a canal, but grossly underestimated how time consuming the task would prove. As the night turned to day, the trolls turned to stone (as trolls are apt to do). The tale has it that the many islands of Breiðafjörður bay and the skerries in Húnaflói bay were formed by the chunks of soil and rock that the trolls dug out and flung into the sea during that fateful night.

...from the Westfjords, the distance to Greenland is only about 300 kilometers? On a clear day, one can even see between mountain tops. This proximity also means that on several occasions, polar bears have come to visit the Westfjords, having drifted across the sea on ice floes.

...the coastline of the Westfjords is around 2.000 kilometers long, and constitutes one third of the country's coastline?

...the Westfjords now have nine municipalities? Clockwise, these are Reykhólar municipality, Vesturbyggð, Tálknafjörður municipality, Bolungarvík, Ísafjarðarbær, Súðavík municipality, Árnes municipality, Kaldrananes municipality and Strandabyggð.

...Árnes municipality has the lowest population of all Icelandic municipalities? On January 1, 2014 it had a population of a whopping 50 people.

...the magnificent Látrabjarg, one of the most densely populated bird cliffs in the world, is also Europe's westernmost point? The Westfjords also boast two other impressing sea cliffs, Hornbjarg and Hælavíkurbjarg, in the Hornstrandir nature reserve.

...Drangajökull, in the northern part of the Westfjords, is the country's fifth largest glacier?

...geologically, the Westfjords are the oldest part of Iceland? The oldest rocks found in the lava layers in the Westfjords are around 16 million years old, three million years older than rocks found on the east coast.

...fossils from forests that grew in the area around 10 to 14 million years ago, have been found in the Westfjords? These massive forests grew in a climate similar to that of today's California. The most well-known of the fossils is a 14 million years old redwood log, around one meter in diameter, found in Helgafell mountain in Dýrafjörður. Other types of wood found in the area include walnut, beech, maple and vine.

...there has been no volcanic activity in the Westfjords for the last 10 million years? However, there are geothermal springs in some areas – Reykhólar in the southeast and Reykjanes in Ísafjarðardjúp, for instance. The swimming pool in Reykjanes takes advantage of this, and has been dubbed the largest hot tub in the country.

...arable land is in extremely short supply in the Westfjords? The main exceptions to this are the Reykhólar area, Barðaströnd coast, the Rauðisandur reef, and the countryside in the Strandir area. However, green areas with varied flora are to be found in between the jagged mountains.

...there are very few lakes in the Westfjords, and most of the rivers are quite small? However, the area can boast one of Iceland's most beautiful and spectacular waterfalls – Dynjandi in Arnarfjörður.

...the king of Icelandic birdlife, the white-tailed eagle, mainly nests on the islands in Breiðafjörður?

...a vast number of islands are part of the Westfjords? Most of the islands in Breiðafjörður belong to the area, and those are countless; literally too many to be counted. The islands Æðey, Vigur and Borgarey in Ísafjarðardjúp and Grímsey in Steingrímsfjörður are also part of the Westfjords area.

...people in the Westfjords rarely went hungry, even when natural disasters struck or hardships and starvation affected the rest of the nation? The sea is the area's main source of food. The rich fishing grounds are nearby, and seals and eiders have been very valuable to the farmers. Egg picking and bird hunting in the great cliffs have also staved off starvation for centuries.

...the Westfjords peninsula constitutes around one tenth of Iceland's whole area?

...the ring road of Iceland, road no. 1, passes the peninsula by? The Westfjords have a ring road of its own, with many smaller side roads begging to be explored.

...the last inhabitants left the Hornstrandir area, now a nature reserve, around 1950? Life conditions in the area were always very extreme. For example, a person in Hornvík who wanted to return a book to the library, or go to the doctor, had to undertake a two days' walk to Hesteyri.

...in the past, the people of the Westfjords were thought to be quite peculiar? Their eating habits, speech and names all differed from other parts of the country.

...according to the Statistics Bureau, the Westfjords had a population of 6.980 on 1 January, 2014? Who knows – they might even


Vefverslun á að virka alls staðar


Meira en helmingur Íslendinga notar netið með farsímum og spjaldtölvum. Er þín vefverslun tilbúin?



 Inngangur að lögfræði 3.350 kr.



 3 nætur á Mývatni 46.370 kr.



 Ketilbjöllur 8.390 kr.

Með Borgun tekur þú við öllum kortum – hvar og hvenær sem er



Vestfirðir: Wu ten Sie schon dass...

... the Westfjords peninsula is only connected to the mainland by an 11 km wide strip of land?
The limits of the Westfjords are Gilsfjörður in the south and Bitrufjörður in the north. However, the Westfjords jurisdiction reaches as far south as Holtavörðuheiði moor.



...eine nur 11 km breite Landbrücke die Westfjorde mit dem Festland verbindet? Geographisch gesehen erstrecken sich die Westfjorde im Süden vom Gilsfjörður bis zum Bitrufjörður auf der nördlichen Seite. Nur 11 km Festland liegen zwischen den beiden Fjorden.

...die Westfjorde eine Insel wären, hätten die Nachttrolle ihr Werk vollenden können? Eine Volkssage berichtet, wie sie versucht haben, die Westfjorde vom Rest des Landes abzutrennen, indem sie einen Graben aushoben. Die Arbeit erwies sich aber als schwerer, als die Nachttrolle dachten. Und auch die Nacht war kürzer. Vielleicht spielt die Sage im Frühjahr. Beim ersten Sonnenlicht erstarrten die Nachttrolle zur Stein. Die zahlreichen Inseln in Breiðafjörður sowie die Schären und Inseln in Húnaflói sind Teile der ins Meer geworfenen Erde.

...Grönland nur 300 km von den Westfjorden entfernt ist? Die Distanz zwischen den Westfjorden und Grönland ist kürzer als der Weg von Hólmavík nach Akureyri. Bei klarem Wetter kann man von einem Aussichtsberg die Küste Grönlands sehen. Wegen der Nähe sind auch oft Eisbären mit Treibeis zu den Westfjorden gelangt.

...die Küste der Westfjorde knapp 2.000 km lang ist – was einem Drittel der Küste des ganzen Landes entspricht?

...Árneshreppur in Strandir die kleinste Gemeinde Islands ist? Anfang des Jahres waren nur 50 Bewohner in Árneshreppur registriert.

...die Klippen von Látrabjarg der westlichste Punkt Europas sind? Látrabjarg beherbergt eine der größten Vogelkolonien der Welt. In Hornbjarg und Hælavíkurbjarg gibt es weitere große Vogelkolonien. Sie liegen in der fast menschenleeren Hornstrandir.

...der Gletscher Drangajökull im Norden der Region der fünftgrößte Gletscher Islands ist? Einige Gletscherzungen erstrecken sich bis ins Tal hinab. Das Gletschermassiv selbst ist als Ausflugsziel sehr beliebt.

...die Westfjorde der älteste Teil Islands sind? Die ältesten Gesteinsschichten werden auf ca. 16 Millionen Jahre geschätzt und sind ungefähr 3 Millionen Jahre älter als die ältesten Funde in den Ostfjorden.

...sich Versteinerungen in den Westfjorden finden lassen? Sie stammen aus der einst üppigen Waldvegetation, die im warm temperierten Klima der Westfjorde vor zehn bis vierzehn Millionen Jahren gedieh. Das Klima war vermutlich vergleichbar mit dem des heutigen Kalifornien. Besonders erwähnenswert ist der Fund eines ca. 200 Jahre alten Baumstamms von ungefähr einem Meter Durchmesser in Dýrafjörður. Walnußbäume, Buchen, Ahorn und Weinreben gehören zu den Versteinerungen, die bisher gefunden wurden.

...es seit 10 Millionen Jahren keine vulkanische Aktivitäten mehr in der Region gibt? Erdwärme findet sich jedoch an vielen Stellen. Die größten Quellen liegen in der Gemeinde Reykhólar und auf der Landzunge Reykjanes im Fjord Ísafjarðardjúp. In Reykjanes gibt es eins der ältesten Schwimmbäder Islands.

...es bewirtschaftbares Ackerland nur in einigen Fjorden gibt? Ausnahmen bilden die Gemeinde Reykhólar, die Küstenlinie Barðaströnd, Rauðisandur und große Gebiete der Gemeinden von Strandir.

...es nur wenige Seen gibt in den Westfjorden? Die meisten Flüsse sind kurz und führen nur wenig Wasser. Dafür liegt Dynjandi, einer der schönsten und spektakulärsten Wasserfälle

Islands in den Westfjorden, in Arnarfjörður.

...die gesamten Westfjorde ein Vogelparadies sind? Auf unzähligen Inseln und Schären finden viele Vogelarten reichlich Nahrung und Unterschlupf, so z.B. der König der isländischen Vögel, der Seeadler (*haliaeetus albicilla*).

...eine Menge kleiner Inseln zum Gebiet Vestfirðir gehören? Die meisten Inseln in Breiðafjörður einschließlich der größten Insel, Flatey, sind Teil der Westfjorde. In Ísafjarðardjúp liegen die Inseln Æðey, Vigur og Borgarey. Auf der Seite von Húnaflói befindet sich die Insel Grímsey. Sie alle beherbergen riesige Kolonien von Papageientauchern.

...es selbst in früheren Zeiten den Menschen in den Westfjorden selten an Nahrung gefehlt hat? Die Fischgründe liegen nicht weit von der Küste entfernt. Zahlreiche Seehundekolonien und Brutkolonien der Eiderenten gehören zu den geschätzten natürlichen Ressourcen, die den Menschen das Überleben in der Region ermöglichten. Auf Inseln, Schären und in den Vogelklippen wurden Vogeleier gesammelt und Vögel gefangen, um die Speisekarte zu bereichern.

...die Westfirðir Halbinsel 9.520 km Quadratmeter groß ist – knapp ein Zehntel der gesamten Landmasse Islands?

...die Hauptstraße Islands, die Ringstraße Nr. 1, nicht in die Westfjorde führt? Die Westfjorde haben dafür ihre eigene Ringstraße mit vielen interessanten Nebenstraßen, die den Reisenden immer neue, überraschende Eindrücke bescheren.

...die letzten Einwohner Hornstrandir Mitte des letzten Jahrhunderts verlassen haben? Ein Teil von Hornstrandir ist heute ein Naturschutzgebiet. Im Laufe der Jahre hat sich eine ungemein dichte, artenreiche Vegetationsschicht gebildet. Die Tierwelt in dieser Region dürfte heute so ähnlich aussehen wie zur Zeit der Besiedlung Islands.

...die Bewohner der Westfjorde sich früher sehr vom Rest der Landesbevölkerung unterschieden haben? Besonders ihre Essgewohnheiten und abenteuerliche Namensgebung galten als ungewöhnlich. Nirgends im Lande gab es mehr Zauberer als in den Westfjorden.

...die Gesamtbevölkerung in den Westfjorden am 1. Januar 2013 6.980 Menschen betrug – laut dem isländischen Amt für Statistik? Wer weiß – heute dürften es schon 6.981 sein!



Eftir að hafa verið hluti af fjölskyldunni í áraraðir vitum við að allt getur gerst

ÞESS VEGNA ER **F PLÚS** VINSÆLASTA FJÖLSKYLDUTRYGGINGIN Á ÍSLANDI

Best er auðvitað að fyrirbyggja slysin. En eins og við vitum eru nánast engin takmörk fyrir því óvænta sem getur komið upp á. F plús veitir víðtæka tryggingavernd sem sniðin er að

breytilegum þörfum fjölskyldunnar á hverjum tíma. Njótum lífsins áhyggjulaus með F plús fjölskyldutryggingu.

VÍS - þar sem tryggingar snúast um fólk.

VÍS | HAFNARSTRÆTI 1 | 400 ÍSAFIRÐI | SÍMI 560 5090 | VIS.IS

VÍS

Kemur Drangnesi á kortið

Borko hreinsar út úr bókasafninu

Tónlistarmaðurinn Björn Kristjánsson, eða Borko, flutti á Drangnes vorið 2012 ásamt fjölskyldu sinni. Sambýliskona hans, Birna Hjaltadóttir, var ráðin skólastjóri á staðnum og sjálfur kennir hann við skólann. Þykja þau hafa blásið ferskum vindum inn í skólastarfið enda vinna þau eftir óvenju skapandi leiðum.

En það eru ekki aðeins börnin sem hafa notið góðs af kröftum Björns, því hann hefur staðið fyrir metnaðarfullri tónlistardagskrá á Malarkaffi með tónleikaseríu sem hann kallar Mölina. Framtíkið hefur vakið mikla athygli enda sjaldgæft að svo þekktir tónlistarmenn spili reglulega í eins litlu plássu. Á Drangnesi búa tæplega sjötíu manns. Tónlistarmenn á borð við Jónas Sigurðsson, Óskar Guðjónsson, Lay Low, Ylju, Prins Póló, Snorra Helgason, Benna Hemm Hemm, Skúla mennska og Sigríði Thorlacius hafa troðið upp á Mölinni, Drangnesingum og nærsveitungum til mikillar gleði.

„Hugmyndin á bak við Mölina var að búa til reglulega menningarviðburði á Drangnesi. Eftir að hafa starfað í tónlistarkreðsuni, bæði sem tónlistarmaður og tónleikahaldari, í um fimmtán ár hef ég komið mér upp góðu tengslaneti og því auðvelt fyrir mig að komast í samband við tónlistarmenn sem flestir eru mjög jákvæðir og áhugasamir um að sækja

Drangnes heim. Þetta er auðvitað þínu sjálfhverft líka því með þessu móti fæ ég alltaf reglulegar heimsóknir frá fólki sem mér finnst gaman að fá í heimsókn og fæ að fara á tónleika með tónlistarmönnum sem mér finnst skemmtilegir,“ segir Björn kíminn.

Sumarmölin á Drangnesi í júní

Í fyrrasumar stóð Björn svo fyrir Sumarmölinni, hátíð sem er afsprengi Malarinnar. „Mölin er þeim annmörkum háð að fara fram í litlu rými með takmörkuðum tækjakosti og til að einhver laun séu til skiptanna fyrir tónlistarfólkið geta ekki verið margir á ferðinni í einu. En mig langaði líka að halda tónleika þar sem hægt væri að fá fullmannaðar hljómsveitir til að spila í almennilegu hljóðkerfi í Samkomuhúsinu Baldri auk þess sem mig langaði sjálfan til að geta spilað með fullskipuðu bandi á heimavelli. Það var í rauninni þannig sem Sumarmölin varð til.“ Auk hans sjálfs komu þar fram Jónas Sigurðsson, Nolo, Ojba Rasta, Valdimar, Hemúllinn og Gógó píurnar. Skemmtunin þótti heppnast afar vel og var strax ákveðið að hún yrði endurtekin að ári. „Það myndaðist einhver einstök stemning sem var full af jákvæðni, gleði og kærleika,“ segir Björn.

Sumarmölin verður í ár haldin 14. júní og er ljóst að það stefnir í hörkuhátíð. Þær hljómsveitir sem þegar hafa staðfest komu sína

eru; Samaris, Moses Hightower og Prins Póló auk þess sem Borko sjálfur ætlar að bjóða upp á bræðing í samkrulli við Futuregrapher.

Býður ferðalöngum kaffi í gömlu bókasafni

Björn hefur fleira á þrjónunum á Drangnesi í sumar. Hann hefur fengið gamla bókasafnið í bænum til afnota undir hljóðver og vinnustofu. Húsið er sautján fermetrar og hefur hann unnið að endurbótum á því í vetur. „Ég var búinn að búa á Drangnesi í nokkra mánuði þegar ég fór að velta því fyrir mér hvað væri í þessu litla skrýtna húsi sem maður sér þegar maður keyrir inn í bæinn. Ég spurðist fyrir og komst að því að þetta væri bókasafn bæjarins. Mér þótti þetta strax kjörið húsnæði fyrir stúdíóið mitt og fór á stúfana til að reyna að finna lykla að húsinu en það virtist enginn vita hvar þá væri að finna enda hafði húsið ekki verið opnað í einhver ár. Ég fékk því á endanum samþykki sveitarstjórnar fyrir því að nota húsið sem hljóðver, án þess að hafa komið þangað inn.“

Björn sér fyrir sér að bjóða ferðalöngum og öðrum að reka inn nefið í sumar, bjóða upp á kaffi og tónlist til sölu og einhverja fallega hluti af svæðinu. Ferðablaðið mælir með því að heilsa upp á meistaran áður en haldið er í pottana góðu sem eru í fjöruborðinu á Drangnesi.

Ísafjarðarbær

Ekki bara falleg fjöll og djúpir firðir

Heldur líka:

...ekki nema 455km frá Reykjavík og allt á malbiki

...tjaldstæði fyrir stóra sem smáa

...heimilislegar sundlaugar

...fullt af áhugaverðum söfnum

...endalausir möguleikar í útivist

...veitingastaðir á heimsmælikvarða

...heimili bestu sjoppu á Íslandi, skv. útvarpsþættinum
Bergsson & Blöndal á Rás 2

...og að sjálfsögðu miklu miklu meira

Nú liggur leiðin vestur!

Ísafjarðarbær
Í faðmi fjalla blárra



Byggðasafn Vestfjarða er til húsa í elstu húsaþyrpingu landsins.



Sprellifandi safn í Neðsta



Harmonikusafnið vekur athygli gesta.



Neðstikaupstaður iðar af lífi á sumrin.



Árleg saltfiskveisla safnsins er geysivinsæl.

Byggðasafn Vestfjarða er staðsett í Neðstakaupstað á Ísafirði, alveg neðst á Eyrinni. Húsin í Neðstakaupstað voru byggð á tímum dönsku einokunarverslunarinnar á 18. öld og eru elsta húsaþyrping á landinu. Þyrpingin samanstendur af fjórum húsum. Elst þeirra er Krambúðin, verslunarhúsið sem var byggt árið 1757. Næst er Faktorshúsið, byggt fyrir faktorinn eða verslunarstjórnann, árið 1765, og þá Tjörhúsið sem byggt var árið 1781 sem pakkhús. Í dag hýsir það hins vegar samnefndan og sívinsælan veitingastað. Yngsta húsið er Turnhúsið sem hýsir sjálft safnið. Upprunalegt hlutverk þess var líka pakkhús, en það var byggt árið 1783. Auk þessara gömlu húsa er á svæðinu eldsmiðja sem var í eigu Skipasmíðastöðvar Marsellúsar Bernharðssonar og nýbygging Byggðasafnsins frá árinu 2004.

Á sýningu Byggðasafns Vestfjarða í Turnhúsinu er fyrst og fremst horft til þess er lýtur að sjávarútvegi og sjómennsku fyrr og nú. Þar eru margir gamlir munir sem tengjast sjávarútveginum og spanna tímabilið frá árabátatímanum til togaraútgerðar. Á neðstu hæðinni er auk þess sýnd kvikmyndin „Ísland þúsund ár“ sem lýsir aðstæðum vermanna í Ósvör um aldamótin 1900. Á miðhæð safnsins er Harmonikusafn Ásgeirs S. Sigurðssonar til húsa, þar sem gefur að líta brot af hinni fjölbreyttu flóru harmonikusafnsins. Harmonikusafnið telur nú um 200 harmonikur af öllum stærðum og gerðum og er elsta harmonikan frá því um 1830. Reynt er að hafa um 50-60 harmonikur úr safninu til sýnis hverju sinni. Á rislofti safnsins er sýningin „Betri er bjallan bitin en hvönnin slitin“ þar sem farið er yfir nýtingu strandhlunninda fyrr á árum. Byggðasafn Vestfjarða hefur einnig á sínum snærum fjórtán báta af ýmsum stærðum og gerðum og í misjöfnu ástandi. Stefnan er að

geta haft alla báta safnsins sjófæra og eru sjö vélbátar safnsins hafðir á sjó um sumartímann. Þeir eru staðsettir víða í höfninni og á góðum dögum er þeim siglt um Pollinn.

Svæðið iðar af lífi

Svæðið í Neðsta, eins og Neðstikaupstaður er oft kallaður, er mjög skemmtilegt til útivistar og iðar oftast af lífi. „Ég held það sé alveg óhætt að fullyrða það að þetta sé mest lifandi safn á landinu,“ segir Björn Baldursson, safnvörður. „Hingað koma allt að 25.000 manns á ári, þó það komi ekki alveg allir á safnið, svo hér skapast mjög skemmtileg hringrás.“ Fjaran er rétt innan seilingar, þar sem gaman er að tylla sér á sólríkum dögum. Kayakræðarar hafa aðstöðu skammt frá safninu og því er oft líf og fjör í fjörinni. Hægt er að tylla sér á bekk við Turnhúsgaflinn og borða nesti, lesa, eða bara njóta veðurbliðunnar sem oft er mikil á Ísafirði. Svo er stutt í Tjörhúsið, þann heimsfræga veitingastað, sem fólk sækir víða að til að gæða sér á þeim gómsætu sjávarréttum sem þar eru á borðum.

Mikill fjöldi skemmtiferðaskipa kemur til Ísafjarðar í sumar og stór hluti farþeganna kemur á Byggðasafnið, annaðhvort í skipulögðum rútuferðum eða á eigin vegum. Boðið er upp á harðfisk, hákarl og brennivín þegar rúturnar koma á svæðið og eru farþegarnir óragir að smakka þó að ekki kunni allir að meta þetta góðgæti okkar Íslendinga. Á hverju sumri blæs Byggðasafnið líka til saltfiskveislu og í sumar verður hún haldin þann 12. júlí. Þar verða fjölbreyttir fiskréttir á borðum og Bacalaobandið leikur fyrir dansi. Byggðasafnið hefur haft í heiðri þann sið að verka saltfisk á gamla mátann, að sólþurrka hann, og á sólardögum er hann breiddur á reitinn við Turnhúsið.

Aftur í tímann

Ný fjöður í hatti Byggðasafns Vestfjarða er Vélsmiðja Guðmundar J. Sigurðssonar á Pingeyri og gefst safngestum kostur á að heimsækja hana í sumar. Vélsmiðjan var stofnuð árið 1913 af Gramsverslun og Guðmundi J. Sigurðssyni sem var þá tiltölulega nýkominn úr vélsmiðanámi frá Danmörku. Þar voru steiptir varahlutir í skip, eins og stimplar, stimpilhringir og skrúfur, auk hefðbundinnar vélsmiði. Á stríðsárunum 1939-1945 var sérstaklega mikið um allskyns varahlutasmíðar í íslensk og erlend skip, því þá var erfitt að útvega varahluti erlendis frá og var því málmsteypan eða „steypirið“ mjög stór hluti af starfseminni. Smiðjan var í rekstri allt til ársins 1995 og er enn í góðu standi og öll tæki og tól virka fullkomlega þó komin séu til ára sinna. „Vélsmiðjan er mjög skemmtileg viðbót við safnið. Hún er algjör gullmoli- og næstum því eins og hún var þegar menn fóru inn í hana fyrir hundrað árum. Auðvitað hefur ýmislegt bæst við, en þarna eru margir munir sem frá árunum í kringum 1920,“ segir Björn frá.

Vélsmiðjan verður opin gestum á opnunartíma Byggðasafnsins og gildir aðgangur á báða staði: ef fólk greiðir aðgang í Vélsmiðjunni er það um leið aðgangur að Byggðasafninu í Neðsta og öfugt. Oft eru menn við vinnu í smiðjunni sem gaman er að fylgjast með og Kristján Gunnarsson vélsmiðameistari á Pingeyri verður áfram aðalumsjónarmaður hennar.

Byggðasafn Vestfjarða er opið alla daga frá kl 9-18 á tímabilinu 15. maí- 15. september og Vélsmiðja Guðmundar J. Sigurðssonar á Pingeyri á sama tíma. Aðgangseyrir er 800 kr. Frekari upplýsingar má nálgast á síðunni nedsti.is eða facebook.com/nedsti.

// Elín Sveinsdóttir



Á göngu um Lónsöræfi í bláskaparveðri.



Sófistar ganga saman í hverri viku.



Á jöklinum.

Sófistar stæla skrokkinn og andann á Hornströndum

Á hverju sumri ganga allmargir hópar Hornstrandir. Þeim fer fjölgandi milli ára, sennilega vegna þess hve göngur eru orðnar vinsælt sport en væntanlega líka vegna þess að enginn fer ósnortinn frá Hornströndum, og þannig berst hróður svæðisins víða. Gönguhópurinn Sófistarnir verður á meðal hópa á Hornströndum í sumar. Hópurinn varð til út frá verkefninu Eitt fjall á viku 2012, á vegum Ferðafélags Íslands. Elín Sveinsdóttir, framleiðandi, er ein af hundrað félagsmönnum. „Nafn hópsins, Sófistar, kemur frá einum félagi okkar, Reyni Traustasyni, ritstjóra DV. Nafnið hefur tvíþætta merkingu; annars vegar að rífa sig upp úr sófanum og njóta náttúrunnar og hins vegar að hugsa sinn gang,“ segir Elín.



Elín segir göngurnar sannkallaðar ævintýraferðir.

Sófistarnir hittast í hverri viku og ganga léttu göngu. Einu sinni í mánuði er svo bætt aðeins í og gengið hærra og lengra. Aðspurð um eftirminnilega göngu kemur Hvannadalshnúkur fyrstur upp í huga Elínar, en svo bætir hún við að fátt toppi Lónsöræfin sem hún gekk með manni sínum, Sigmundi Erni Rúnarssyni, í fyrrasumar ásamt hluta hópsins sem skipar Sófista. „Par gengur maður inn í eitthvert stórkostlegasta náttúruvætti landsins og trúir ekki eigin augum, dag eftir dag. Ekki skemmdi fyrir að við hrepptum eitt besta veður sem hægt er að fá í óbyggðum Íslands.“

Elín segir að það geti verið æði kúnstugt að sinna þörfum náttúrunnar uppi á jökli í miklu margmenni. „Þegar við fórum upp á Hvannadalshnúk vorið 2012 vorum við nokkrar konurnar fremstar í flokki sem vorum aðframkomnar af pissuþörf. Því var brugðist hratt við og hlaðinn skjólveggur þvert á gönguleiðina. Þar settumst við allar stelpurnar á hækjur okkar og pissuðum samtímis en áttuðum okkur ekki á því að næsti hluti hópsins nálgast fyrir neðan okkur og horfði beint á alla beru rassana í þessari líka glæsilegu stellingu. Þetta var myndnara eftir á,“ segir hún brosandi.

Sófistarnir hafa áður gengið á Vestfjörðum; í Norðurfirði í byrjun júlí í fyrra. Gengið var á Urðartind, úr Ingólfsfirði yfir í Ófeigsfjörð, út í Munaðarnes og þaðan í Krossnes. „Svo hvíldum við lúin bein í magnaðri sveitalaug á þessum afskekktu slóðum.“

Þetta verður í fyrsta sinn sem Sófistarnir ganga Hornstrandir og jafnframt fyrsta ganga Elínar um friðlandið. „Ég er þess fullviss að þetta verði enn ein ævintýraferðin í félagsskap góðra fjallavina. Það stórkostlega við þetta sport er að geta í sama vetfangi kynnst landi sínu, áhugaverðu fólki og sjálfum sér upp á nýtt - og stælt skrokkinn og andann um leið.“



Gangan á Hvannadalshnúk er ein sú eftirminnilegasta í huga Elínar.



Í bókabúðinni verða áfram seldar bækur eftir vigt.



Eypór mun bjóða upp á kaffi og kræsingar úr eldhúsi langömmu.



Langömmukaffi í bókabúðinni á Flateyri

Bókabúðin á Flateyri á sér langa sögu. Jón Eyjólfsson stofnaði verslunina í félagi við bræður sína, og árið 1915 tóku hann og kona hans, Guðrún Arnbjarnardóttir, við rekstrinum. Þau, og síðar börn þeirra, önnuðust rekstur búðarinnar allt til ársins 1999. Þá festi Minjasjóður Öfundarfjarðar kaup á húsinu ásamt öllum innanstokksmunum. Innréttingar eru upprunalegar og hefur þeim ekki verið breytt í rúm hundrað ár. Á neðri hæð hússins er einnig að finna vel varðveitta íbúð þeirra kaupmannshjóna. „Það má því með sanni segja að sagan, húsið og innbúið sé algjörlega einstakur gullmoli,“ segir Eypór Jóvinsson, kvikmyndagerðarmaður og kaupmaður á Ísafirði, sem hefur nú tekið við rekstri bókabúðarinnar á Flateyri. Og það er ekki bara alveg út í bláinn sem hann ákvað að taka að sér þetta verkefni, því Jón og Guðrún voru langafi og langamma hans.

Undanfarin sumur rak Minjasjóður Öfundarfjarðar verslun í Bókabúðinni þar sem bækur voru seldar eftir vigt, við góðar undirtektir bókelkra gesta. Því fyrirkomulagi ætlar Eypór að viðhalda. „Helsta breytingin sem gerð verður er að í kaupmannsbúðinni verður rekið lítið kaffihús í sumar. Þar ætlum við að bjóða upp á uppáhellingu, heitt súkkulaði og jólaköku, líkt og Guðrún langamma mín var vön að bjóða upp á.“ Á efri hæð hússins er önnur íbúð og eru hugmyndir uppi um að leigja hana út til listamanna. „Bókahátíðin sem var haldin á Flateyri í mars er einnig liður í þessu verkefni, leynt og ljóst er það langtíamarkmið að byggja Flateyri upp sem lítið bókaþorp á Vestfjörðum.“

The merchant's return

The old bookstore in Flateyri is a family business with a long history. Founded by the three Eyjólfsson brothers, Jón Eyjólfsson and, later, his wife Guðrún Arnbjarnardóttir, ran the store from 1915 to 1983. When Guðrún passed away their children took over and ran the bookstore up until 1999, when it closed its doors.

Minjasjóður Öfundarfjarðar, a local cultural fund, bought the house and all its furnishings in 2003. In the last few years, the bookstore has been open during the summer season. In this latest incarnation, the store sold used books by the kilo, along with postcards, sweets and a selection of souvenirs. But it's not only the merchandise that has enchanted visitors to the bookstore - as the furnishings remain largely unchanged since the shop first opened, a visit to the bookstore is almost like stepping back in time. Visitors have also been able to have a look at the former merchants' apartment, located in the same house.

This spring, Eypór Jóvinsson, owner of Vestfirzka verslunin in Ísafjörður, signed on to run the bookstore for the coming ten years. He is no stranger to neither store nor merchants' home, as Jón Eyjólfsson and Guðrún Arnbjarnardóttir were his great grandparents. Jóvinsson intends to continue selling used books by weight along with other merchandise. "The biggest change is that we'll be running a small café in the apartment. We'll have traditional coffee, hot chocolate and christmas cake - just like my great grandmother used to make it," he explains.



Sýningastjórnir Eva og Þorgerður ásamt myndlistarmanninum.

Allt hægt í Vesturbýggð



Frá sýningu Bjarka Bragasonar, Fyrri þáttur, á Minjasafninu á Hnjóti.

Places in Vesturbýggð

The art show Places will take place in Vesturbýggð, in the southern part of the Westfjords peninsula, this summer. The show is curated by Eva Ísleifs and Þorgerður Ólafsdóttir and participating artists this summer are Bjarki Bragason, Hrafnkell Sigurðsson and Karlotta Blöndal.

Places opened with Bjarki Bragason's show Part one at Hnjótur museum in Örylgshöfn on May 1. The show will remain open throughout the summer. Bjarki bases his show on his research from 2013, when he focused on the museum at Hnjótur and its history. The museum is interesting in that its exhibition pieces were largely collected by one man, Egill Ólafsson, former farmer at Hnjótur. This held a particular appeal for the artist in that it throws light on just how subjective history and our view of it can be.

The curators have organized a bus trip to Vesturbýggð from Reykjavík on June 19-21. All three artists will be on board and give talks about their shows - something not to be missed by art and nature lovers.

More information available at stadir.is or facebook.com/stadir.places

Myndlistarsýningin Staðir, á ensku Places, er haldin í fyrsta sinn í Vesturbýggð í sumar. Sýningarstjórar eru þær Eva Ísleifs og Þorgerður Ólafsdóttir. Þær hafa boðið listamönnum að vinna ýmist varanleg eða tímabundin verk í mjög svo krefjandi umhverfi en líka í öruggu húsaskjóli safns. Listamennirnir Bjarki Bragason, Hrafnkell Sigurðsson og Karlotta Blöndal taka þátt í ár. Staðir hófust í ár með sýningu Bjarka, Fyrri þáttur, sem var opnuð í Minjasafni Egils Ólafssonar að Hnjóti í Örylgshöfn þann 1. maí og mun standa yfir í allt sumar. Sýningin byggist á rannsókn Bjarka frá því sumarið 2013, þar sem að hann hefur horft til safneignar Hnjóts og sögu sjálfs safnsins. Markmið sýningarinnar er að skoða hvaða tilgang byggðasöfn hafa. Þá telur Bjarki minjasafnið á Hnjóti merkilegt fyrir þær sakir að það er mestmegnis byggt upp af einum manni, en slík söfn telur Bjarki sérstaklega áhugaverð þar sem þau endurspeglja glögglega hversu hlutlæg sögusköpun er.

Helgina 19. - 21. júní, býðst svo áhugasóknir um myndlist að fara vestur í rútuferð frá Reykjavík og verða listamennirnir þrír með í för. Boðið verður upp á listamannaspjall og leiðsögn um sýningu Bjarka. Verk Karlottu Blöndal mun fara fram í Patreksfirði, milli hafs og bjargs. Seinna verður lagt af stað til Bíldudals í Kalkpörungaverksmiðjuna þar sem Hrafnkell Sigurðsson sýnir verk sem byggjast á rannsóknum hans á kalkpörungnum. Verk Hrafnkels mun halda áfram á næsta ári þar sem listamaðurinn mun steypa skúlptúr úr kalkpörungi.

Eva segir að hana og Þorgerði hafi lengi dreymt um þetta verkefni, að setja upp viðburði og myndlistasýningar fyrir vestan í samspili við hina margbreytilegu staðarhætti sem þar finnast. Og hún var ekki lengi að hugsa sig um þegar hún var spurð af hverju þessi landshluti hafi orðið fyrir valinu fyrir verkefnið; „Íbúar á þessu svæði vita hvaða aðdráttarafl myndlist hefur auk þess sem stemningin er svolítið þannig að allt sé hægt.“

Hamingja og hörmung á Hólmavík



Hamingjudagar verða haldnir á Hólmavík í tíunda sinn í sumar.

Esther Ösp Valdimarsdóttir flutti frá Reykjavík til Hólmavíkur síðastliðið haust ásamt fjölskyldu sinni. „Okkur hafði lengi langað til að flytja í lítið bæjarfélag úti á landi, lifa nær náttúrunni, hafa meiri tíma fyrir fjölskyldu, taka á móti gestum og baka pönnukökur og allt hitt sem að gjarnan telst til hins rómantíska sveitalífs í hugum höfuðborgarbúa. Ég var síðan svo heppin að fá þetta frábæra starf sem tólmstundafulltrúi Strandabyggðar en starfið býður upp á ótrúlega fjölbreytta möguleika og gífurlega dýrmæta reynslu. Hér er nóga vinnu að hafa og þjónusta við barnafólk til fyrirmyndar svo við létum slag standa,“ segir Esther.

Það kom Esther og fjölskyldu á óvart hversu mikið er um að vera á Hólmavík. „Hugmyndin með flutningunum var ekki hvað síst að ná aðeins að snerta jörðina með tánum, slaka aðeins á, njóta samveru með börnunum, útiveru, bóklesturs og þrjónaskapar. Ég, og reyndar öll fjölskyldan, höfum hins vegar verið á kafi í vinnu og félagslífi frá fyrsta degi. Hér prófa ég svo margt nýtt og tek þátt í mörgu sem mig hefur lengi langað til en ekki gefið mér tíma í. Munurinn er hins vegar sá að hérna taka hlutirnir svo mikið styttri tíma, engin hætta á að lenda í umferðarteppu og því nýtist dagurinn mikið betur.“

Hörmungardagar í fyrsta sinn

Hátíðin Hamingjudagar verður haldin á Hólmavík í sumar í tíunda sinn. Í febrúar voru hins vegar í fyrsta sinn haldnir Hörmungardagar að frumkvæði Estherar. Þemað stóð í mörgum til að byrja með enda ganga flestar hátíðir út á gleði og glaum. „Hörmungardagar eru svo sjálfsagt mótvægi á miðjum vetri þar sem mörgum er niðri fyrir og myrkrinu virðist aldrei ætla að linna. Heimurinn er fullur af alls kyns hörmungum sem við veljum oft að taka ekki eftir, Hörmungardagar eru kjörin tækifæri til að bæta úr því. Það er líka dýrmætt að þurfa ekki alltaf að vera hress og minna á um leið á fjölbreytta tilfinningaflöru og að leyfilegt sé að njóta hennar allrar, því aðeins þannig getum við verið hamingjusöm,“ útskýrir Esther.

Hörmungardagar þóttu heppnast einstaklega vel. Einstaklingar og stofnanir á svæðinu tóku virkan þátt og uppákomurnar hrönnuðust inn. Listamenn komu víða að og færri komust að en vildu. Afraksturinn var myndarleg dagskrá af skemmtun, fræðslu,



Esther Ösp Valdimarsdóttir og fjölskylda hennar hafa verið önnunum kafin á Hólmavík frá fyrsta degi.

gleði og sorg og það í litlu þorpi á miðjum vetri. „Mætingin var hreint stórkostleg og það virtist ríkja almenn hamingja með þessa hörmulegu hugmynd,“ segir Esther. Hún bætir því við að full þörf sé á viðburði sem þessum og því sé stefnt að því að endurtaka Hörmungardaga að ári.

Hamingjudagar í lok júní

Áðurnefndir Hamingjudagar verða haldnir 27.-29. júní næstkomandi. Hátíðin verður með örlítið breyttu sniði en undanfarin ár þar sem ákveðið hefur verið að hverfa aftur til sokkabandsára hátíðarinnar og vinna í auknum mæli í samræmi við Hamingjusampykkt Strandabyggðar og treysta á virka þátttöku íbúa. „Þannig tekst okkur að uppfylla meginmarkmið Hamingjudaga sem er að hver einasti íbúi í Strandabyggð ásamt gestum hátíðarinnar finni fyrir innri hamingju, hugarró, gleði og kærleika.“

Þó verða fastir liðir eins og venjulega. „Hnallþórubóðið með dýrindis kræsingum heimafólks verður að sjálfsögðu á sínum stað. Hamingjuhlaupið óralanga og skemmtilega er ómissandi sem og kassabilarallý yngri kynslóðarinnar. Hamingjutónar, opnun listsýninga, innlit í heimahús og hamingjusamar stofnanir, Hamingjumarkaður, skemmtanir fyrir börnin, útileikir, íþróttamót og uppákomur á sófnun er allt á meðal þess sem verður á dagskrá Hamingjudaga. Þá verða menningarverðlaun Strandabyggðar veitt. Nýbreytni að þessu sinni verða hverfisteiti þar sem markmiðið er að kynnast nágrönnunum betur og eiga með þeim góðar stundir. Loks má ekki gleyma tónleikum og balli en að þessu sinni mun ofurdiskósveitin Hefners halda uppi stuðinu,“ segir Esther.

Frekari upplýsingar um hátíðina og viðburði í Strandabyggð má finna á síðunni strandabyggd.is.




Hörmungardögum var afskaplega vel tekið í vetur.

Samkaup

úrval

góðir grannar

Velkomin í Samkaup úrval



Akureyri

Blönduósi

Bolungarvík

Borgarnesi

Dalvík

Egilsstöðum

Grundarfirði

Hafnarfirði

Húsavík

Ísafirði

Neskaupstað

Ólafsfirði

Selfossi

Siglufirði

Skagatrönd



Einstök þjónusta
í góðum verslunum



...sjá nánar um verslanir Samkaupa úrvals á samkaupurval.is

Eyðibýli á Vestfjörðum



Á Hofstöðum.



Hofstaðir.

Víða á Vestfjörðum er að finna eyðibýli, eins og auðvitað annars staðar á landinu. Öll eiga þau sér sína sögu, mislanga, mismærkilega. Haustið 2010 ákváðu nokkrir einstaklingar að hrinda af stað rannsóknarverkefninu Eyðibýli á Íslandi. Í hópnum eru meðal annars arkitektar, viðskiptafræðingur, sagnfræðingur og jarðfræðingur. Fjölmargir aðrir hafa komið að verkefninu, bæði sérfræðingar og stofnanir. Háskólanemar í arkitektúr, fornleifafræði og fleiri greinum hafa undanfarið sumur ferðast um landið og skráð sögu 556 húsa og myndað. Afraksturinn má sjá í fimm bókum; Eyðibýli á Íslandi 1-5. Áður en yfir lýkur mun ritröðin Eyðibýli á Íslandi ná yfir öll yfirgefin íbúðarhús í sveitum landsins. Markmið verkefnisins er að meta menningarlegt vægi einstakra húsa og stuðla að varðveislu valinna eyðibýla. Hægt er að kaupa þessar glæsilegu bækur á heimasíðu verkefnisins eydibyli.is.

Aðstandendur útgáfunnar veittu góðfúslegt leyfi fyrir því að birta hér brot af þeim vestfirsku eyðibýlum sem setja svo sterkan svip á umhverfi sitt þar sem þau horfa tómunum augum á eftir ferðalöngum um svæðið.

Arnarnes í Dýrafirði:

Bærinn Arnarnes er í Dýrafirði. Húsið var byggt árið 1894 og síðasti ábúandinn, Guðný Jensína Gilsdóttir, bjó á jörðinni fram til ársins 1967. Guðný var kvenskörungur mikill og ferðaðist ávallt á dráttarvél um sveitina. Hún stundaði oft og tíðum sjósund. Í eitt skiptið voru á ferð selveidimenn sem töldu hana vera sel. Skutu þeir hana nokkrum skotum en áttuðu sig síðar á hver væri þarna á ferð. Húsið hefur fengið mikla athygli í gegnum tíðina og má nefna að það var aðalsögusvið kvikmyndarinnar Síðasti bærinn í dalnum.

Herstöðin Straumnesfjalli:

Herstöðin er staðsett á flatlendi nyrst á Straumnesfjalli. Svæðið kallast Skorar og er í 445 metra hæð. Stöðin var starfrækt sem ratsjárstöð á vegum bandaríska hersins á tímum kalda stríðsins. Byrjað var að reisa herstöðina árið 1954. 111 hermaður var í herstöðinni í upphafi árs 1958, árið sem stöðin var formlega tekin í notkun og hélt sá fjöldi uppfrá því. Hún var hins vegar aðeins starfrækt í tvö ár. Þrjú steinsteyptu húsanna voru íbúðarskálar, en hin fimm húsin voru bifreiðaverkstæði, mótuneyti með verslun og klúbba, vörugeymsla og íþróttahús, skrifstofubygging og hús undir raf- og kyndistöð. Stöðin þykir merkilegur minnisvarði um hernaðarsögu Íslands.

Sætún í Grunnavík:

Býlið Sætún er stórt og fallett og stendur reisulega við ströndina í Grunnavík. Húsið er byggt af séra Kjartani Kjartanssyni árið 1906. Talið er að Kjartan þessi hafi verið fyrirmynd Halldórs Laxness að Jóni Þrímusi úr Kristnihald undir Jökli, en það hefur aldrei verið staðfest. Eftir að Kjartan fluttist frá Sætúni þóttist verslun á Ísafirði eiga skuldakröfu í húsið en fékk hana ekki greidda. Var því allt tréverk rífið út og húsið ekki notað í nokkur ár.

Hofstaðir í Gufufirði:

Húsið Hofstaðir stendur innarlega í vestanverðum Gufufirði í Reykhólahreppi. Síðasti ábúandi á Hofstöðum var Gísli Ágústsson. Hann ólst þar upp en hætti búskap árið 1978. Eftir það nýtti hann húsið sem sumarhús. Hann lést árið 1990 og hefur húsið staðið autt síðan. Persónulegir munir Gísla stóðu lengi vel óhreyfðir. Gísli var um tíma oddviti hreppsnefndar Reykhólahrepps. Hofstaða er getið í Landnámu og til eru heimildir um jörðina frá árinu 1477.

Sauðlauksdalur við Patreksfjörð:

Bærinn Sauðlauksdalur er kirkjufjörð og stendur inni í Sauðlauksdal við Patreksfjörð. Íbúðarhúsið stendur skammt frá fallettri kirkju sem var byggð árið 1863 og er enn notuð.



Thorstisenbraggi.



Sætún



Herstöðin Straumnesfjalli.



Svarthamar



Í Naustavík.



Naustavík.

Björn Halldórsson var prestur í Sauðlauksdal á árunum 1752 – 1781, en hann var fyrstur Íslendinga til að rækta kartöflur árið 1768. Hann þótti mikill búnaðarfrömuður og samdi meðal annars búnaðar- og garðyrkjurit. Björn lét einnig hlaða sandvarnargarð á jörðinni en það var fyrsta tilraun til varnar uppblæstri og sandfoki á Íslandi og var garðurinn kallaður Ranglátur. Ennþá má sjá leifar af garðinum.

Svarthamar í Álftafirði:

Húsið stendur á flatlendi í Álftafirði, neðan við þjóðveginn. Jörðin á sér merkilega sögu því Jón Indíafari var fæddur þar árið 1593 og uppalinn. Þar bjó hann þar hann réði sig til sjómennsku á enskt kaupskip fljótlega eftir tvítugt. Því næst réð hann sig til Danakonungs og sigldi meðal annars til Indlands. Eftir að hann kom heim settist hann að á Eyrarlandi, næsta bæ við Svarthamar og ritaði ferðasögu sína. Hugmyndir eru uppi um að gera húsið upp og breyta því í safn um Jón Indíafara.

Thorstisenbraggi, Eyri við Ingólfsfjörð:

Húsið er hluti af gamla síldarplássinu á Eyri við Ingólfsfjörð í Árneshreppi. Það stendur skammt austan við gömlu síldarverksmiðjuna, en norðan við húsið er gamla síldarplanið.



Sauðlauksdalur.

Nú standa þar grunnur af Ólafsverksmiðju og leifar af bryggjum síldaráranna. Th. Thorsteinsson flutti stöð sem hann hafði starfrækt á Hjalteyri við Eyjafjörð á Eyri árið 1918 og hóf þar útgerð. Braggann flutti hann einnig með sér. Konurnar sem unnu við síldina höfðu aðsetur í húsinu. Verslun var rekin í kjallara hússins frá 1920 til 1936.

Naustavík í Steingrímsfirði:

Býlið Naustavík í landi Heydalsár í Steingrímsfirði stendur við fjöruborðið á Mannshöfða. Húsið er teiknað og byggt af Gísla Jónatanssyni sem teiknaði nokkur hús í sveitinni. Hann var ekki menntaður arkitekt og teikningar hans þóttu ekki góðar. Þrátt fyrir það voru húsin byggð og þykja áhugaverð í dag. Gísli hannaði og staðsetti húsið gaumgæfilega. Hann vildi að móðir sín gæti séð Miðdalsgröf, fæðingarstað sinn, þegar hún sæti á rúmstokknum og horfði út um gluggann á herbergi sínu í Naustavík.



Arnarnes.



Abandoned in Iceland

Thorstisenbraggi.



Á Hofstöðum.

Any traveler in Iceland who ventures just the tiniest bit off the beaten track will surely come across an abandoned house or two. Deserted farms dot the rugged Icelandic landscape, a reminder that life here was not always easy. They possess an eerie and fascinating presence, their empty windows looking on as life passes them by.

In 2010 a project called Eyðibýli á Íslandi, or Abandoned Farms in Iceland, was launched by the Abandoned Farms Association, a group of people, including architects, a business graduate, a historian and a geologist. The group aims to create a record of all abandoned farms in the country and work towards the preservation of a few chosen houses. The association enlisted the help of college students, who for the past few summers have traveled the country to add to the ever growing list. The results have been published in the five volume book Eyðibýli á Íslandi and more is yet to come.

The publishers kindly permitted Vestfirðir 2014 to print their haunting pictures of a few of the abandoned farm houses in the Westfjords area. More pictures on the preceding pages.

Arnarnes in Dýrafjörður was built in 1894. Its last inhabitant, Guðný Jensína Gílsdóttir, lived there until 1967. Guðný was a formidable woman who regularly swam in the icy sea. One time, she was mistaken for a seal by seal hunters who shot at her before they realised who she was.

The military base at Straumnesfjall was used as a radar station by the US army during the Cold War, housing 111 soldiers. The base opened in 1958 but was only in full use for two years.

Sætún in Grunnavík was built by priest Kjartan Kjartansson in 1906. Kjartansson is believed to have been Halldór Laxness', Iceland's Nobel Laureate, inspiration for one of

his most memorable characters, Jón Þrímur in Under the Glacier.

Hofstaðir in Gufufjörður has a long history of farming, as the farm is mentioned in manuscripts dating back to 1477. Gísli Ágústsson was the farm's last inhabitant, and since his death in 1990, the house has remained empty. For a long while, Gísli's belongings remained in the abandoned house.

Sauðlauksdalur in Patreksfjörður is a historic site. Priest Björn Halldórsson who worked in Sauðlauksdalur in the years 1752 - 1781, changed Icelandic agriculture history when he experimented with growing potatoes in Icelandic soil.

Svarthamar in Álftafjörður was home to Jón Indíafari, who was famous for his travels to India and Sri Lanka in the 17th century.

The Thorstisen barrack at Eyri in Ingólfssfjörður is a part of the old herring factory at Eyri. The barrack was home to the many women working in herring processing.

Naustavík in Steingrímsfjörður was built by Gísli Jónatansson, who took great care to place the house so that his mother, sitting at her window, would have a view of her birth place in Miðdalsgröf.



Hofstaðir.



Sætún.



BOLUNGARVÍK

SUND - SWIMMING - SCHWIMBAD



OPIÐ/OPEN/GÖFFNET	SUMAR/SUMMER/SOMMER	VETUR/WINTER
Virka daga/Working days/Werktags	08-21	16-21
Helgar/Weekends/Wochenden	10-18	10-18

**SAFN • UPPLÝSINGAR • MINJAGRIPIR
MUSEUM • INFORMATION • SOUVENIRS**

NÁTTÚRUGRIPASAFN BOLUNGARVÍKUR
NATURAL HISTORY MUSEUM / NATURKUNDE MUSEUM



*Staður fyrir fróðleiksfúsa!
Where you find knowledge!
Erfahre mehr über Islands nature!*

Vitastíg 1/Aðalstræti 21 • 415 Bolungarvík
Sími/Tel 456 7507, 456 7005 • nabo@nabo.is • www.nabo.is



Grasagarðar Vestfjarða
Westfjords
Botanical Gardens
Westfjorde
Botanischer Garten

www.grasagardar.is
grasagardar@grasagardar.is

Aðalstræti 21, Bolungarvík
Sími/Tel 456 7005


SJÓMINJASAFNIÐ ÓSVÖR **ÓSVÖR MARITIME MUSEUM** **SEEFahrtMUSEUM ÓSVÖR**

*Sagan í skemmtilegu umhverfi!
History in an authentic environment!
Geschichte in einem interessanten Umfeld!*

Ósvör • 415 Bolungarvík
Sími/Tel: 892 5744, 456 7005
osvor@osvor.is • www.osvor.is

Vestfirðir

í bókmenntunum



①

Porpið, ljóðabók

eftir Jón úr Vör
(1946) – Patreksfjörður

Í tímamótaverkinu Porpinu fjallar Jón um uppvaxtarár sín og æsku á Patreksfirði. Hann segir frá lífsbaráttu fólksins þar á krepputímum og staldrar við hjá þeim sem honum voru nákomnir.

Fjölmargar íslenskar skáldsögur og ævisögur eiga sína áhrifastaði og sögusvið. Starfsfólk Borgarbókasafns Reykjavíkur hefur útbúið sniðugt Íslandskort á heimasíðu sinni, borgarbokasafn.is, þar sem áhugasamir lesendur geta áttað sig betur á staðsetningum og tilvísunum bókmenntaverka, hvort sem er á faraldsfæti eða heima í stofu. Á þessari opnu má glöggva sig á nokkrum verkum sem tengjast Vestfjörðum og væri tilvalið að hafa meðferðis í fríð.



②

Dísusaga

eftir Vigdís Grímsdóttur
(2013) - Norðurfjörður á Ströndum

Sagan segir frá Dísu Gríms frá Kleppsveginum sem tíu ára gömul verður fyrir ofbeldi og lokast inni í dýflissu þöggunar og feluleikja. Í fimmtíu ár sér hún enga útgönguleið, en dag einn fær hún frelsi hjá kúgara sínum og fyrirverandi bjargvætti til að skrifa, þó aðeins í tvo mánuði. Á kaffihúsinu í Norðurfirði á Ströndum, umlukt fjöllum og sjónum og örygginu, skrifar Dísu söguna og minningarnar streyma fram.



③

Svartfugl

eftir Gunnar Gunnarsson
(1929) - Sjöundá á Rauðasandi

Bakgrunnur þessarar sögu er Sjöundármorðin sem eru einhver umtöluðustu morðmál Íslandssögunnar. Í sögunni dregur Gunnar jafnframt upp skýra mynd af íslensku samfélagi um aldamótin 1800, með stéttaskiptingu, blindri réttvísi kirkju, konungs og embættismanna og harðneskjulegum aðstæðum alþýðunnar. Þetta er af mörgum talin albesta bók Gunnars.




④

Flateyjarbréfin

eftir Kristjónu Friðbjörnsdóttur
(2010) - Flatey

Í bókinni segir frá Ólafíu Arndísi sem ver sumrinu ásamt fjölskyldu sinni í Flatey. Hún óttast að komast ekki upp í sjötta bekk komandi vetur líkt og kennarinn ýjaði að, en hún deyr ekki ráðalaus. Hún byrjar að skrifa kennaranum bréf sem fjalla þó um allt annað en námið enda er Ólafía Arndís önnur kafin við að berjast við kríur, passa ólátabelgi, eltast við drauga og eignast nýja vini. Líkt og í alvörunni reynist Flatey vera sannkölluð ævintýraeyja.



⑤

Á meðan nóttin líður

eftir Fríðu Á. Sigurðardóttur
(1990) - Hælavík

Þessari sögu Fríðu hefur verið lýst sem sögu margra kynslóða kvenna í afskekktum byggðum landsins. Söguviðið er Hælavík á Hornströndum, á æskulóðum móður hennar. Tilvalin bók í bakpoka göngugarpsins.



⑥

Ég man þig

eftir Yrsu Sigurðardóttur
(2011) - Hesteyri

Söguvið bókarið er Hesteyri í Jökulfjörðum, og reyndar Súðavík líka. Í bókinni er staðháttum lýst nokkuð nákvæmlega. Nokkuð hefur borið á því að áhugi fólks á ferðum til Hesteyrar hafi aukist eftir útgáfu bókarið, enda hefur hún notið mikilla vinsælda. Saga Yrsu er hálfgerð hrollvekja og vafalítið áhrifamikið fyrir hugrakka að lesa söguna á staðnum, þó vart sé hægt að mæla með því fyrir myrkfælna eða draughrædda.



⑦

Strandanornir

eftir Kristínu Helgu Gunnarsdóttur
(2003) - Strandir

Þrælskemmtileg bók sem foreldrar hafa jafn gaman af að lesa og börnin. Söguviðið eru hinar kynngimögnuðu og göldróttu Strandir. Frábært fyrir fjölskyldufólk að hafa þessa í hanskahólfinu og lesa upphátt fyrir bílinn þegar börnin eru við það að fá nóg á holóttum Strandaveginum.



⑧

Pöllusögur

eftir Birgittu H. Halldórsdóttur
(2005) – Hnífsdalur

Þetta er sagan af henni Pöllu og söguviðið er Fremri-Hnífsdalur. Palla er tíu ára og fædd árið 1889. Hún býr hjá frændfólki sínu í Hnífsdal því fjölskylda hennar fluttist vestur til Kanada en Palla vildi ekki fara með. Sagan þykir lýsa vel lífi fólks á þessum tíma.



⑨

Ósjálfrátt

eftir Auði Jónsdóttur
(2012) – Flateyri

Bókin fjallar um Eyju sem flyst af höfuðborgarsvæðinu vestur á Flateyri. Hún giftist drykkfelldum karli sem er tuttugu árum eldri en hún. Þau búa örfáum skrefum frá rústunum þar sem snjóflóðið féll. Flott að blaða í þessari yfir kaffisopa, nú eða bjór, á Vagninum á Flateyri.



⑩

1983

eftir Eirík Guðmundsson
(2013) – Bolungarvík

Þessari sögu er lýst sem nýstárlegri, úr íslensku þorpi á fyrri hluta níunda áratugarins. Tólf ára drengur á hjara veraldar er á hraðri ferð inn í heim hinna fullorðnu. Ástarsaga sem gerist fjarri öllum kastljósum úti við ysta haf!



⑪

Par sem vegurinn endar

eftir Hrafn Jökulsson
(2007) - Stóra-Árvík við Trekyllisvík

Átta ára gamall fór Hrafn Jökulsson í sveit í Árneshrepp á Ströndum, afskekktustu sveit landsins, þar sem vegurinn endar. Nokkrum áratugum síðar vitjar hann sveitarinnar að nýju og stiklar um sögu sveitarinnar frá örófi og fram á 21. öldina. Hann segir frá stórskornu fólki og sérkennilegu, niðursetningum, stórbændum og galdramönnum. Ómissandi lestur ef leiðin liggur í Árneshrepp.




⑫

Gestakomur í Sauðlauksdal

eftir Sölva Björn Sigurðsson
(2011) - Sauðlauksdalur við Patreksfjörð

Sagan segir frá Birni Halldórssyni sem snýr aftur á heimaslóðir í Sauðlauksdal eftir margra ára fjarveru. Með í för er lítillæði af kartöfluútsæði sem Friðrik konungur hefur falið honum að rækta svo landar hans drepist ekki úr sulti. Það er dimmt yfir þjóðinni á átjándu öld: mannfellir og kuldatíð, öskufok og bjargleysi. Mitt í öllum hörmungunum ríkir samt von hjá gömlum bónda um að koma Íslendingum í hóp vel haldinna þjóða.



⑬

Feigð

eftir Stefán Mána
(2011) - Súðavík

Spennusaga sem hefst fyrir utan Litla-Hraun og teygir anga sína vestur á Súðavík. Höfundur varði viku í rannsóknarvinnu á Súðavík og kynnti sér örnefni, kennileiti og staðhætti. Ferðalangar að sumri gætu átt erfitt með að ímynda sér fannfergið sem grúfir sig yfir söguvið Stefáns Mána.




Verk eftir Maríu Kjartansdóttur.



Claus Sterneck heillaðist af Djúpavík við fyrstu kynni.



Ljósmynd eftir Melindu Kumbalek.



Claus sýnir myndir af kríum á STEYPU.

STEYPA in Djúpavík

The old herring factory in Djúpavík takes on a different role this summer, when it plays host to an international photography exhibition. The exhibition, aptly named STEYPA, which means concrete, displays the work of seven photographers – all connected to Iceland in one way or another.

STEYPA is the brain child of Claus Sterneck, a German who first visited Iceland in 2003 and fell in love with the country. "I came straight to Djúpavík. I knew immediately that the place was going to change my life," he says. And change his life it did, as Claus now calls Reykjavík his home. He has spent every summer since 2006 in Djúpavík, working in the summer hotel and exhibiting his photographs in the old factory. Last summer he branched out to include other photographers with a similar passion for Iceland.

This year, Claus will exhibit photographs of the striking Arctic tern, all captured in Djúpavík. Other participating photographers are Melinda Kumbalek and Sven Herdt from Germany, Emilie Mørkeberg Dalum from Denmark. Jutta Wittmann from Austria and Icelanders Haukur Sigurðsson and María Kjartansdóttir.

The exhibition will be open everyday from June 1 to August 31, with Herdt's and Dalum's works on display from June 15. For more information visit djupavik.com/steypa.

Alþjóðleg sýning í Djúpavík

Gamla síldarverksmiðjan á Djúpavík bregður sér í hlutverk listagallerís í sumar. Alþjóðlega ljósmyndasýningin STEYPA opnar í verksmiðjunni 1. júní og verður opin daglega út ágúst. Verkin hverfast öll um Ísland með einum eða öðrum hætti.

Sýningin er hugarfóstur Claus Sterneck, Þjóðverja sem hefur dvalist í Djúpavík öll sumur frá árinu 2006. „Ég kom fyrst til Íslands 2003 og fór beint til Djúpavíkur. Ég vissi strax að þessi staður myndi breyta lífi mínu,“ segir Claus, sem nú til dags er búsettur í Reykjavík yfir vetrarmánuðina. Frá komu hans til landsins hefur hann verið sumarstarfsmaður á hótelinu á Djúpavík og sýnt eigin ljósmyndir í síldarverksmiðjunni frá sumrinu 2009. Í fyrra kom hann samsýningunni STEYPU hins vegar á laggirnar, en hún hlaut afar góðar viðtektir.

Viðfangsefni Claus á sýningunni í ár er krían, en hann hefur áður gefið út ljósmyndabók um fuglinn. Auk hans sýna sex aðrir ljósmyndarar verk sín: Melinda Kumbalek frá Þýskalandi, sem nú er búsett á Ísafirði, Þjóðverjinn Sven Herdt, Emilie Mørkeberg Dalum frá Danmörku, Jutta Wittmann frá Austurríki, Ísfirðingurinn Haukur Sigurðsson og María Kjartansdóttir.

STEYPU opnar sem fyrr segir 1. júní og verður opin til 31. ágúst, en verk Herdt og Dalum verða til sýnis frá 15. júní. Nánari upplýsinga má afla á síðunni djupavik.com/steypa.



Velkomin í Reykhólahrepp

Unaður augans



Grettislaug á Reykhólum Sundlaug, heitir pottar, tjaldsvæði

1. júní – 17. júní: Opið virka daga kl. 14-22 og helgar kl. 10-20
18. júní – 9. ágúst: Opið virka daga kl. 12-22 og helgar kl. 10-20
10. ágúst – 31. ágúst: Opið virka daga kl. 16-22 og helgar kl. 12-20
Aðrir tímar ársins: Opið virka daga kl. 16-20 og laugardaga kl. 16-20
Lokað á miðvikudögum og sunnudögum á veturna

Reykhólahreppur spannar alla Austur-Barðastrandarsýslu eða meira en þúsund ferkílómetra. Þangað eru aðeins rúmlega 200 km frá Reykjavík og öll leiðin með bundnu slitlagi. Tilvalið að skella sér og njóta hinnar einstöku náttúru sem þetta víðlenda hérað hefur að bjóða.

Í Reykhólahreppi eru kjöraðstæður til fuglaskoðunar. Fuglalífið er ríkulegt enda Langavatn rétt fyrir neðan Reykhólaborp.

Þorpið vinalega á Reykhólum er 15 km frá sumarhótelinu Bjarkalundi sem flestir þekkjá. Á Reykhólum er frábær 25 m útisundlaug kennd við Gretti sterka.

Báta- og hlunnindasýningin á Reykhólum gefur þér kost á að kynnst bæði æðar fuglinum og súðbyrðingunum breiðfirsku á skemmtilegan hátt. Í sama húsi er upplýsingamiðstöð sem aðstoðar ferðamenn á alla vegu.

Þörungaverksmiðjan á Reykhólum, sem kölluð hefur verið náttúruvænasta stóriðja í heimi, nýtir þara og þang Breiðafjarðar í mjölframleiðslu til útflutnings en orkan er jarðhiti. Á Reykhólum eru framleiddar heilsuþætandi þaratöflur og líka er í boði að skella sér í þarabað. Heilsan er í fyrirrúmi.

Hvernig væri svo að bregða sér með Eyjasiglingu um eyjarnar ótalmörgu á Breiðafirði?

Sumarið 2012 verður viðburðaríkt í héraðinu og allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi. Þar á meðal eru útivistarhelgi, bátadagar, Reykhóladagar og margt fleira.

Hlökkum til að sjá ykkur!
reykholar.is



Upplýsingamiðstöðin

Upplýsingamiðstöð ferðafólks á Reykhólum
Gamla samkomuhúsinu við Mariútröð
(við afleggjarann niður í Reykhólaborp)
Sími: 434 7830
info@reykholar.is

Frekari upplýsingar á www.reykholar.is



Andinn stælist í Norðurfirði

Norðurfjörður er vinsæll áfangastaður ferðalanga. Höfnin iðar af lífi þegar tugir strandveiðibáta landa afla sínum og ferðafólk hefur úr mörgu að velja á meðan dvöl í Norðurfirði stendur, en slíkar dvalir eiga það einmitt til að lengjast.

Arinbjörn Bernharðsson rekur ferðaþjónustuna Urðartind í Norðurfirði, en sumarið er fimmta starfsár hennar. Urðartindur býður upp á nokkra gistingualeika sem mælst hafa vel fyrir; herbergi með baði á efri hæð hlöðunnar, með útsýni út á Norðurfjörð, smáhýsi með góðri aðstöðu auk tjaldstæðis. Í næsta nágrenni við Urðartind er Kaffi Norðurfjörður, verslun og bensínafgreiðsla, Minjasafnið Kört og Gistiheimilið Bergstangi.

Arinbjörn segir ferðasumarið líta afar vel út, enda sé nóg við að vera í Norðurfirði. Dagsgönguferðir eru afar vinsælar, hvort sem er á fjöllum eða með sjónum, enda umhverfið stórkostlegt. Að göngu eða annarri útivist lokinni jafnast ekkert á við að dýfa sér í hina óviðjafnanlegu Krossneslaug, rétt við flæðarmálið. Þar má láta hugann reika og renna saman við haf og himinn. Norðurfjörður virðist líka hafa afskaplega stælandi áhrif á andann, en þar hafa rithöfundar dvalist við skriftir og sótt



Hornstrandaferðir sigla nú með ferðamenn frá Norðurfirði á Hornstrandir.

innblástur í kyrrðina. Metsölubækur eins og Par sem vegurinn endar, Svar við bréfi Helgu og Dísusögur urðu til í firðinum.

Sagan drýpur reyndar af hverju strái í Árneshreppi, að sögn Arinbjarnar. Þar má nefna landnámssögur, sögur af tröllum, göldrum og útilegumönnum, atvinnusöguna með síldarverksmiðjunum - að samtímasögum af mönnum og málefnum ólöstuðum.

Síðasta sumar hófu Hornstrandaferðir siglingar á Hornstrandir, sem Arinbjörn segir kærkomna viðbót fyrir ferðamenn. Á meðal ferða sem þar er boðið upp á eru dagsferðir í Reykjarfjörð og kvöldsiglingar um Norðurfjörð og Trékyllisvík auk almennra farþegaflutninga allt norður að Horni, sem hentar gönguhópum sérlega vel. Þjónustuna segir Arinbjörn hafa



Sumarnótt í Norðurfirði ætti að veita öllum innblástur.

jákvæð áhrif á alla ferðaþjónustu á Ströndum.

Um Urðartind má afla sér frekari upplýsinga á síðunni urdartindur.com, en hafa má samband við Hornstrandaferðir á netfanginu hornstrandaferdir@hornstrandaferdir.is.


Kvenhetjur hjá Vestfirskra forlaginu

Vestfirskra forlagið hefur gefið út bókmenntir um Vestfirði og Vestfirðinga í tuttugu ár. Í vor gefur forlagið út nýja bók um Hornstrandir og Jökulfirði, en hún er þriðja bókin í þeim bókaflökki. Hann hefur hlotið góðar viðtökur, enda hafa margir hrifist af Hornstrendingum og lífsbaráttu þeirra. Bækurnar byggja að miklu leyti á viðtölum við Hornstrendinga frá ýmsum tímum, en í þessu nýja bindi kveður við dálítinn nýjan tón. „Í nýju bókinni er reynt að draga fram hlut Hornstrandakonunnar, því sannleikurinn er nefnilega sá að í þessum fræðum eru það yfirleitt karlar sem skrifa um karla. Það voru margar hetjurnar sem bjuggu á Hornströndum, en það er eins og fyrri daginn að hlutur kvenhetjanna gleymist alltof oft,“ segir Hallgrímur Sveinsson, forlagsstjóri.

Þó efniviður forlagsins sé oftast sóttur í heimahagana á Vestfjörðum hefur forlagið lagst í útrás í seinni tíð, en það gefur nú út bækurnar um Basil fursta, konung leylinilögglumanna. Áttunda heftið hefur nú litið dagsins ljós. Forlagsstjórinn mælir sérstaklega með því í útileguna og sumarþústaðinn, enda sögnar um Basil fursta auðmeltar - og auðvitað afskaplega góð leiðbeiningarrit ef ferðalangar þurfa að dusta rykið af þeringum og öðrum góðum mannsiðum. Frekari upplýsingar má finna á vestfirsk.is, en þar er jafnframt hægt að kaupa áður út komið efni.



Sjónum er beint að kvenhetjum á Hornströndum í nýjasta bindinu



Basil fursti ku henta vel í sumarþústaðinn

Vestfirðingar

mæla með!

Spjall við heimafólkið best



Esther Ösp Valdimarsdóttir
Tómstundafulltrúi Strandabyggðar

Ég mæli með göngu og útiveru og spjalli við heimafólk umfram allt. Meðal annarra ómissandi upplifana er maturinn á Kaffi Galdri sem er án efa útbúinn með göldrum svo góður er hann. Galdrasafnið sjálf er auðvitað líka skylda. Sauðfjársetrið með öllum sínum uppákomum, kræsingum og fróðleik um íslensku sauðkindina og annað séríslenskt er einnig einstakt. Ég mæli líka eindregið með því að kíkja í Kaupfélag Steingrímsfjarðar og gefa tilkynningatöflunni sérstakan gaum, oftar en ekki er eitthvað spennandi á döfnni sem gefur heimsókninni aukið vægi.

Það sem mér finnst þó allra skemmtilegast er að sniglast um á misgóðum og sumpart skelfilegum vegum og rekast á dýrðlega náttúru, gömul eyðibýli, blómlegan búskap, hvali, seli, erni og frábært fólk og enda svo í

Mikið náttúrubarn



Jóhanna María Sigmundsdóttir
alþingismaður og sauðfjárþóndi.

„Það sem einkennir sérstaklega sumarið hjá mér eru heimsóknir í alla heitu pottana í Djúpinu og að kíkja í sund út í Reykjanes. Laugin þar er nú oft kölluð stærsti heiti pottur í heimi.

Mér þykir sérstaklega gaman að vera niðri við fjöru, læra á dýralífið og náttúruna þar, róa út á sjó og sitja í fjörunni þegar fjörðurinn er spegilsléttur að kvöldi til með eldrauðan himin og selina alveg í fjöruborðinu. Það er mikið um sel heima og þeir eru mjög forvitnir þegar maður gengur um fjöruna á kvöldin. Þeir sem vilja kíkja út á fjörð geta farið á kajak hjá ferðapjónustunni í Heydal eða Ögri. Svo er einnig mikið um sel við Hvítanes og þá er tilvalið að kíkja í kaffi til Siggu og Kristján á Litlabæ. Svo eru margar fallegar gönguleiðir í Djúpinu en ég er mikið náttúrubarn og hef gaman af því að skoða mig um. Svo mæli ég klárlega með því að fólk kíki út í Kaldalón í sumarfríinu.“

Eltingaleikur milli Hnífsdals og Ísafjarðar



Kristján Freyr Hallórssón
bóksali og tónlistarmaður.

Eitt sinn á falletu föstudagskvöldi að sumri fékk ég til mín í heimsókn í foreldrahús á Ísafirði marga góða vini og upphófst mikill gleðskapur. Þegar ég sá í hvað stefndi ákvað ég að fara út og finna snöggvast afleysingarmann minn, Hauk Magnússon, til að vinna fyrir mig næsta morgun. Á þessum tíma stýrði ég plötubúð í Ljóninu á Ísafirði og sat auk þess í bæjarstjórn. Á meðan gleðin hélt áfram heima hófst eltingarleikur við Hauk sem leiddi mig út í Hnífsdal þar sem ég hafði frétt af honum á balli í Félagsheimilinu. Í Hnífsdal þykir mér gott að vera og sumarnóttin þar engri lík. Ballið var hins vegar búið þegar ég kom og Haukur farinn aftur inn á Ísafjörð. Ég rólta í gegnum þorpið og hélt aftur til baka.

Það var langt liðið á morgun þegar ég labbaði hlíðina og ég gjörsamlega tapaði mér í kyrrðinni, fuglasöngnum og sólarupprásinni. Ég brast í söng og með mér sungu fuglarnir, krummi á staur, selirnir góluðu og tófurarnar gögguðu og mér leið eins og Öskubusku í Walt Disney mynd. Þegar ég hafði sungið hátt í 3 kílómetra kom Ingi dyravörður á bíl, hann skutlaði mér heim síðustu metrana, enda óvenju mikill mannvinnur og alltaf skælbrosandi. Þegar ég kom heim var partið búið, vinir mínir lágu allir steinsofandi undir teppi inni í stofu og á borðinu var miði sem á stóð „Haukur mætir í fyrramálið“.

Ég mæli með sumargöngu síðla kvölds út í Hnífsdal og til baka á göngustígnum nýja. Mér er ákaflega annt um Hnífsdal, þorpið sem ól upp börnin sín.



Umfafinn undrum Íslands
Ingimundur Óðinn Sverrisson
kerfisstjóri

Inn í Patreksfjörð held ég, spegilsléttur fjörður mætir mér. Ég fylgist með morgunsólinni koma upp yfir fjöllin og lífinu kvikna á höfninni. Fæ mér morgunmat á hótelinu og nýt þess að sjá þorpið vakna. Keyri inn í fjörð og yfir fjall. Rauðasandur, sannarlega eitt af undrum Íslands, brosir við mér eins og póstkort frá fjarlægum landi. Eftir kaffisopa í Kirkjuhvammi og göngu eftir trópísku sandlengjunni held ég til Látrabjargs og mæti þar lundum sem í óða önn færa björg í bú. Fuglarnir eru innan seilingar, spakir eins og heimiliskettir. Útsýnið yfir vestasta tanga Evrópu bætir við minningu í póstkortasafnið. Held sáttur heim á leið, búinn að kynnast tveim geislum Íslands á sama deginum.

Vestfirska orðabókin

Það er langur gangur fyrir hann svanga Manga...

Rámar ekki marga í að hafa spreytt sig á vestfirskum framburði á þeirri þulu? Þó ekki sé mikill mállýskumunur á Íslandi hafa landshlutarnir þó ýmis sérkenni og eru Vestfirðir engin undantekning þar á. Anna Sigríður Þráinsdóttir, málfarsráðunautur RÚV, er vel að sér um málfarslega sérvísku Vestfirðinga og tók saman nokkur lykilhugtök ferðalöngum til fróðleiks.



Mállýskuorð	Skýring
dimmumótin	ljósaskiptin?
geymir (þf. m.gr. geymirinn)	hitabrúsi
hittingur	heppni/heppileg tilviljun
kómu	komu
kóstur	kústur/sópur
laggan	löggan/lögreglan
maska	ganga í hús, segja frá og sníkja gotterí á maskadaginn
maskadagur	öskudegi og bolludegi slegið saman í einn á mánudegi (á bolludag)
niðrifrá	niðurfrá
nær	hvenær
púki	barn
skúr (kk)	regnskúr (kvk)
skúr (kvk)	kofi
svippa	sippa
svortera	sortera/flokka
tanki	tankur
tímalaus	nískur
vippa	vega salt
vóru	voru

Orðasamband	Mállýskuorð
á helginni	um helgina, á bara við um föstudag og laugardag
koma ofan	fara niður
fara neðan	fara upp
telja upp á	telja (upp) að
halda á	halda áfram

Um vestfirsku

eftir Önnu Sigríði Þráinsdóttur

„Ætlaðu að koma yfir um á eftir, eska, og fá þér kaffisopa?“

„Já, ég kem ef ég verð ekki með púkana hangandi utan í mér.“

Þetta gæti sem best verið tal tveggja Ísfirðinga. Þar kalla þeir hver annan esku og svo fara þeir yfir um þegar þeir fara í næsta hús. Það gera menn víðar þótt mörgum Sunnlendingum finnst að þeir sem fara yfir um missi vitið. Börnin kalla Vestfirðingar púka. Svo hafa þeir sérstakt lag á framburði orðasambanda með atviksorði, forsetningu og fornafni - eins og utan í mér. Þeir setja nefnilega þunga áherslu á forsetninguna: utan í mér, en aðrir landsmenn setja áhersluna á fyrsta atkvæði atviksorðsins: utan í mér.

Í íslensku er mállýskumunur lítill. Hér og hvar á landinu er framburður sumra orða þó frábrugðinn því sem almennt gerist. Á Norðurlandi tíðkast til dæmis harðmæli, að bera p,t og k inni í orðum fram sem p, t og k en ekki b, d og g eins og hjá meirihluta landsmanna. Þar heyrst líka raddaður framburður á l í orðum eins og mjólk og hjálpa. Á Suðausturlandi er gríðastaður hv-framburðarins og þar er gerður greinarmunur á hvölum og kvölum í framburði sem horfinn er úr munni flestra landsmanna. Á Vestfjörðum á vestfirski einhljóðaframburðurinn lögheimili þótt þeim fari fækkandi sem finnst það vera langur gangur sem öðrum finnst vera „lángur gángur“.

Mállýskumunur er ekki bundinn við framburð, hann getur birst í tónfalli, orðasamböndum, kyni orða og beygingum. Síðast en ekki síst getur orðanotkun verið mismunandi eftir landshlutum og Vestfirðingar eiga talsvert af mállýskuorðum. Þessi munur, þótt lítill sé, veldur því oft að háðsglósur fjúka og rifist er um hvort rétt sé eða rangt að tala svona. Þá er gott að muna eftir því að fjölbreytnin auðgar málið og það er full ástæða til að ýta undir hana.



www.fi.is

Velkomin á **HORNSTRANDIR**

*Ferðir um eyðibýggðir Hornstranda
eru stærsti hluti ferðaáætlunar
Ferðafélags Íslands.*

SKRÁÐU ÞIG INN – DRÍFÐU ÞIG ÚT!





Ósvör í vetrarham.

Segir sögu Bolungarvíkur

Í hugum flestra er saga Bolungarvíkur samofin íslenskrri útgerðarsögu og sjósókn yfir höfuð. Úr vikinni er stutt á gjöful fiskimið, sem fólk hefur sótt lífsbjörg sína í öldum saman. Færri vita þó kannski að veiðisældin er landnámskonunni Puríði sundafylli að þakka – ef marka má frásagnir.

Jóhann Hannibalsson, safnvörður í Sjóminjasafninu Ósvör í Bolungarvík, þekkir nokkuð til kjarnakonunnar Puríðar. „Puríður sundafyllir nam land hér í Bolungarvík um 940, þegar hún kom siglandi frá Hálogalandi í Noregi, sem var mjög norðarlega, skilst mér,“ segir Jóhann frá.

Seiddi fisk á miðin

„Með henni í för var sonur hennar, Völusteinn, sem lengi var talið að hefði skrifað Völuspá, það merkilega rit. Sumir halda því reyndar fram að Puríður sjálf hafi ort Völuspá, en það eru kannski bara getgátur.“ Hvergi er hins vegar minnst á að Puríður hafi komið hingað til lands með eiginmann með sér, enda virðist hún af sögunni að dæma hafa verið sjálfri sér nóg. Hún er því ein fárra landnámskvenna í íslenskrri sögu.

Puríður sigldi skipi sínu upp í Vatnsnes og hóf þar búskap. Viðurnefnið „sundafyllir“ fylgdi henni frá Noregi, að sögn Jóhanns. „Hún fékk það víst af því að hún hafði fyllt einhver sund í Noregi af fiski. Og það gerði hún hérna í Ísafjarðardjúpi líka, hún seiddi fisk inn á Kvíarmið. Hún kunni ýmislegt fyrir sér, kerlingin,“ segir Jóhann frá. Þessi gjörningur Puríðar mun hafa gert að verkum að á Kvíarmiðum er enn í dag alltaf nægur fiskur.

Það er þó ekki nóg með að Puríður hafi haft hæfileika á sviði galdra, heldur var hún líka slungin viðskiptakona. „Puríður nam Bolungarvík alla og leigði bændum annars staðar að aðgang að miðunum og útgerðaraðstöðu í Bolungarvík. Fyrir hvern bát sem réri tók hún eina kollótta kind að launum. Ætli það megi ekki kalla þetta fyrsta veiðileyfagjaldið?“ segir Jóhann glettinn. Hann segir kollótta kind þó líklega ekki hafa tengst því hversu vel hyrnd kindin væri. „Ég hef heyrt gamla menn nota þetta orð þannig að þeir töluðu um að ef þeir lánuðu verkfæri eða annað var þeim oft skilað kollóttum – sem sé að það vantaði allt sem átti að fylgja þeim. Mér finnst þess vegna líklegra að þetta hafi merkt að kindin hafi ekki verið með lamb með sér,“ útskýrir hann.



Jóhann í sjóklæðum.

Galdradrangar

Einhverju eftir landnám Puríðar kom Þjóðólfur bróðir hennar einnig til landsins. Hann fór þess á leit við Puríði að hún gæfi honum land, en Puríður leyfði honum að eiga eins mikið af landi sínu og hann gæti girt fyrir á einum sólarhring. „Hann komst ekki yfir eins mikið og hann ætlaði sér. Hann girti fyrir Hlítdal en bara hálfan Tungudal. Bærinn Þjóðólfstunga átti þess vegna



Húsin í Ósvör eru eftirlíking verstöðvar frá því um 1890.

bara land niður að á, ekki niður að sjó. Hann vildi alltaf fá meira land, en samningar með þeim systkinum sóttust illa,“ segir Jóhann. Enn slettist upp á vinskap systkinanna þegar Puríður varð þess áskynja að Þjóðólfur væri að stela frá henni nauti. Þá var landnámskonunni nóg boðið.

„Hún á þá að hafa lagt á hann að hann yrði að klettadrangi í sjó utan við Ófærana, þar sem fuglarnir myndu drita sem mest á hann. En Þjóðólfur eflidist eitthvað við galdurinn og gat lagt á hana líka að hún yrði drangi þar sem vindarnir myndu gnaða sem mest á henni – og kirkjan blasti við. Henni líkaði það náttúrulega illa, hún var svo heiðin,“ segir Jóhann. Þjóðólfsdrangi hrundi í sjó og hvarf árið 1940. „Þá hafa álögin líklega verið búin á honum. Hún er nú enn á sínum stað, en mun líklegast hrynja líka. Náttúruöflin sverfa drangann stöðugt,“ segir Jóhann.

Sem fyrr segir starfar Jóhann sem safnvörður í Ósvör á sumrin, þar sem hann segir gestum og gangandi útgerðarsöguna frá landnámi og að árabátatímabili. Ósvararhúsin eru eftirlíkingar af íslenskrri verstöð frá því um 1890, en í Bolungarvík dvöldust gjarna vermenn víða að af landinu. Jóhann er vel að sér um söguna og segir gestum frá eins og þeir vilja hverju sinni. Hann segir líka gjarnan frá Puríði sundafylli, góðvinkonu sinni, sem því miður er ekki vitað hvernig leit út. „Það hafa nú eflaust verið einhverjar tilgátur á lofti með það. Ætli hún hafi ekki bara verið sæmilega af manni gerð – stútungskerling í strigapílsi? Það hefur nú í það minnsta þurft kjarkkonu til að koma siglandi með lið sitt og setjast að hér á hjara veraldar,“ segir Jóhann.


Frekari upplýsingar um Ósvör finna á heimasíðunni osvor.is.

Fiskbúð

Рыбный магазин
La poissonnerie
Sklep rybny
คนขายปลา
Tindero ng isda
Marisqueria
Peixaria
Der Fischladen
Magazin de peste

Local Fish Shop
Fiskebutik
Fiskaffär
Kalakauppa
鮓店
魚屋
Fishmongers
생선
Viswinkel
Fiskeforretning

Opið mán. - fös.
11:00 - 18:00
s: 456-4400



Mínir Vestfirðir!

// Rósa Björk

Fékk bónorð á Ströndum



Rósa með Reykjahyrnu í baksýn.



Rósa Björk á Rauðasandi.

Þegar ég var barn var ég oft spurð hvaðan pabbi minn væri. Hann er dökkur á brún og brá og þótti mörgum hann ansi útlendingslegur. Þetta var, vel að merkja, fyrir tíma hugmynda um fjölmenningu og íslenskt mannlíf fátækara af fjölbreytileika en nú. Mér þótti satt að segja mikið sport að fá svona spurningar og bullaði svör á borð við Portúgal, Spán, Frakkland og jafnvel Kólumbíu. Leiðrétti þetta þó alltaf að lokum og sagði sannleikann sem var mun hversdagslegari og nærtækari; hann væri bara frá Vatnsleysuströnd. Þá spurðu margir í framhaldinu hvort hann ætti þá ekki örugglega ættir að rekja til Vestfjarða. Það hlyti að vera því þaðan kæmu jú svo margir, „svona dökkir, með dökk hár og dökk augu“.

Pannig mótuðust mínar fyrstu hugmyndir um Vestfirði. Þetta var fjarlægst svæði, uppfullt af dulúð og framandleika. Svo óskaplega framandi að fólk sem leit út fyrir að vera útlenskt hlaut að vera frá Vestfjörðum. Landsvæðinu sem var svo rammgirt frá umheiminum með slöppu vegakerfi og háum fjöllum að enginn komst þangað nema fuglinn fljúgandi og einstaka útlenskir villuráfandi sjómenn sem ólu af sér dökkhærða og brúneyga afkomendur í marga ættliði. Þessar spurningar kveiktu því oft dagdrauma hjá 10 ára stúlku um að hún væri líklega komin af baskneskum hvalveiðimönnum eða frönskum sjómönnum... Vestfirðir urðu nokkurs konar persónulegt hlið mitt að útlöndum. Samt kom ég ekki til þessa óskaplega fjarlæga landshluta fyrr en löngu síðar. Fyrsta ferðin mín þangað var ljómuð ævintýrablað og æ síðan hafa allar ferðir mínar þangað verið ævintýralegar.

Þegar ég var tuttugu og fjögurra ára fór ég sem aðstoðarmaður leiðsögumanns í hringferð um Vestfirði í rútu fullri af Frökkum. Ferðin var ógleymanleg. Við vorum þrjú á svipuðum aldri sem stýrðum ferðinni; ég, leiðsögumaðurinn og bílstjórinn. Við hlógum stöðugt allan daginn og þar með hló allur hópurinn allan daginn. Í minningunni var alltaf sól, við brunuðum skíthrádd niður þröngan og kræklóttan veginn að Rauðasandi þar sem ég synti í fyrsta sinn í íslenskum sjó, leituum að fiski í soðið á Patreksfirði en fundum ekki fyrr en einhver sá aumur á okkur niðri á bryggju og henti í okkur nokkrum heilum þorskum sem ég gerði að með bitlausum hníf í litlu eldhúsi



Feðgar við Hænuvík.

undir súð í gistiheimilinu að Breiðavík. Það gekk vægast sagt illa og var borðað mjög seint það kvöld. Eftir matinn gengum við þríeykið niður að fallegri strönd Breiðavíkur með viskípela og horfðum á einstakt sólarlagið. Þá falletu minningu um Breiðavík geymi ég vel, eins og til að sporna við því sem þar gerðist nokkrum áratugum áður.

Þegar ég varð svo sjálf leiðsögumaður bættust fleiri vestfirsk ævintýri við; ég man eftir dagsferð út í Vigur í glampanði sól, notalegu spjalli við óperukonu sem hafði gifst inn í fjölskylduna sem bjó þar, vappi um kríuvarp eyjunnar og myndlistarsýningu í gula timburhúsinu á verkum af eyjum í mistri og þoku. Einhverra hluta vegna kemur alltaf bragð af döðlubrauði með smjöri upp í hugann þegar ég hugsa um Vigur. Eins og til að tóna við gula litinn á timburhúsinu. Í sömu ferð sá ég í fyrsta og eina skipti arnarpar. Þetta var í lygnum Ísafirði. Ég gargaði á bílstjóran að snarhema rúttunni, hljóp út á gúmmískónum á undan öllum og fannst ég nánast heyra vængjasláttinn í parinu, svo nálægt mér voru þau. Ferðamannahópurinn stönglaðist forviða á eftir mér og missti að sjálfsgöðu af örnunum en forvitnir og stóreygðir selir flyktust að til að fylgjast með herlegheitunum. Ég man ennþá hve lygn sjórinn var. Ég man líka vel eftir stórkostlegri saltfiskveislu í Tjörhúsinu á Ísafirði nokkrum árum síðar þegar ég var á ferð sem umsjónarmaður ferðapáttarins „Hvernig sem viðrar“. Veislan var töfrud fram af bæjarbúum sem hver og einn kom með sinn uppáhalds saltfiskrétt á borðið. Svo var þetta borðað með bestu lyst undir seiðandi tónlist Tómasar R. Einarssonar og harmonikutónum Villa Valla. Ég gæti líka sagt frá ógleymanlegri tískuljósmyndunarferð til Djúpvavíkur sem ég var beðin um að koma með í ári síðar um hávetur.


Farartækið, 25 ára hljómsveitarrúta með dökkum gardinum, var jafnundarleg og ferðin sjálf og paranojaði breski stílistinn passaði svo illa inn í umhverfið að hann fékk vægt taugaáfall.

Strandirnar höfðu reyndar opnað faðm sinn fyrir mér nokkru fyrr og þar gerðist einmitt mesta og besta vestfirska ævintýrið mitt. Það var um verslunarmannahelgina 2012. Þá voru tvær vikur í fæðingu frumburðar okkar Kristjáns Guy og eldri dóttir mín ekki heima. Við ákváðum að elta veðrið og keyra á Strandirnar. Svona eins og fólk gerir rétt fyrir fæðingu. Kristján hafði ekki áður komið á Strandir svo það var ekki laust við að nokkur spenningur væri í okkur. Við stoppuðum í nýopnuðu kaupfélaginu á Óspakseyri, skoðuðum vínlyplötur og kærastinn gaf mér fallega krús með blómum merka Óspakseyri.

Keyrðum síðan áfram í dásamlegu veðri en ekki langt því allt í einu stöðvaði Kristján bílinn við Gálmaströnd í Steingrímsfirði og vildi endilega að við borðuðum bananana sem við höfðum keypt í kaupfélaginu. Niður í fjöru fór hann með kasólétu konuna og dró þar upp hringi og bað mín! Ég játaði að sjálfsgöðu steinhissa í hormónageðshræringu. Það sem eftir var trúlofunardags liðum við áfram í sælúvímu. Sólin skein og á leiðinni í síðbúinn hádegismat á Drangnesi fylgdi okkur forvitin hnisa og blés til okkar reglulega þegar við keyrðum eftir Selströndinni í Steingrímsfirði. Við ákváðum að gista í Djúpvavík þar sem við fengum hlýjar móttökur og var bent á að um kvöldið væri hið árlega harmonikuball í félagsheimilinu í Trékyllisvík. Þangað brunuðum við með bumbuna og hringana og dönsuðum sæl og glöð inn í nóttina og framtíðina.

Börnín mæla með!

Birta Lind, Súðavík:



Raggagarður er skemmtigarður fyrir alla. Í gardinum er fullt af leiktækjum fyrir alla. Þar er stór kastali fyrir tólf ára og eldri og Orkulundur er fyrir aðal orkuboltana. Þessi tvö leiktæki eru á efra svæði garðsins en á því neðra eru leiktæki fyrir tíu ára og yngri. Við krakkarnir förum oft í Raggagarð til að skemmta okkur, við tökum stundum með okkur nesti og leikum okkur þar allan daginn.

Á sumrin er hægt að fara inn í fjörðinn og hoppa af brúnni, pollarnir inni í botninum eru mjög oft volgir á sumrin og þá er hægt að vaða þar og fara í lautarferðir, gönguferðir og labba upp að Stóra steini eða upp að fossi.

Bláberjadagar eru haldnir árlega eina helgi í ágúst. Mér finnst rosalega gaman á Bláberjadögum, það er boðið upp á mikla skemmtun fyrir alla. Mér finnst skemmtilegast að taka þátt í hlaupinu og fara að tína ber uppi í hlíðinni.



Helga í gervi fiskvinnslukonu frá 19. öld.

Fiskvinnslukona frá 19. öld gengur um Ísafjörð

Aðflutti Ísafirðingurinn Helga Hausner er fædd og uppalin í Vestur-Berlín. Eftir að múrinn féll árið 1989 breyttist lífið í borginni mikið. Helga var þá einstæð, tveggja barna móðir, menntaður félagsráðgjafi og uppeldisfræðingur en litla vinnu var að hafa í borginni. Þegar vinur hennar fluttist til Reykjavíkur árið 1997 ákvað Helga að heimsækja hann. Úr varð að þremur mánuðum síðar fékk Helga vinnu í rækjuvinnslu í Brjánslæk. Og þá var ekki aftur snúið.

Síðar fluttist Helga til Patreksfjarðar þar sem hún starfaði við grunnskólann. Þaðan fluttist fjölskyldan til Reykjavíkur og var þar í tvö ár á meðan Helga kláraði kennararéttindin. En hún vissi að hún vildi fara aftur til Vestfjarða og í þetta sinn varð Ísafjörður fyrir valinu. Þar vann Helga í átta ár sem náms- og starfsráðgjafi. „Það var góð ákvörðun að flytja hingað, því hér á ég heima.“

Ferðamenn hissa á erfðri lífsbaráttu

Fyrir fjórum árum tók Helga upp á því bjóða upp á bæjargöngur um Ísafjörð fyrir ferðamenn og aðra áhugsama. Gangan hefur þróast smátt og smátt og er nú orðin að svokallaðri upplifunarferð. „Það krafðist heilmikillar heimildarvinnu að skipta svona um fasa og ég

var heilan vetur að hanna þetta. Í ferðunum klæði ég mig upp sem fiskvinnslukona og hverf aftur, ásamt ferðamönnum, til ársins 1893,“ útskýrir Helga.

Gönguferðin hefst hjá upplýsingamiðstöð ferðamanna. Þaðan er gengið í gegnum gamla bæinn og svo í áttina að kirkjunni og upp í hlíðina þar sem má sjá yfir Ísafjörð. „Ég segi frá lífsháttum fólks á þessum tíma. Á leiðinni er stoppað á ýmsum stöðum eins og við sögufræg hús, sagðar sögur og sögusagnir um bæinn og íbúa hans fyrr og nú. Markmiðið er að auka skilning á sögu landsins í gegnum upplifun á Ísafirði og að fá ferðamenn til að upplifa eitthvað eftirminnilegt sem þeir geta tekið með sér heim og sagt öðrum frá.“ Helga segir að það komi gestum hennar mjög á óvart hversu erfið lífsbaráttan hér hefur verið í gegnum aldirnar.

Í vor gaf Helga út bók sem sprottin er upp úr upplifunarferðunum. Bókin er gefin út á ensku og þýsku og heitir á ensku; Iceland – Journey through time. Í bókinni fer fiskvinnslukonan Sigrún með ferðafólki í gönguferð um Ísafjörð 19. aldar og segir sögur úr fortíð og nútíð. Hún gefur þannig innsýn í jarðsögu og gróðurfar Vestfjarða. Bókin fæst meðal annars í Vestfirzku verzluninni.



Í gróðurhúsinu má fræðast frekar um sögu Skrúðs.

Skrúður öllum opinn

Lystigarðurinn Skrúður í Dýrafirði á sér merkilega sögu, en hann er fyrsti garðurinn sinnar tegundar á Íslandi - af nafni hans er orðið skrúðgarður dregið. Séra Sigtryggur Guðlaugsson, prófastur og skólastjóri við Núpsskóla, átti veg og vanda af stofnun Skrúðs, en séra Sigtryggur var sérlegur áhugamaður um garðrækt og jurtafræði og safnaði jurtum og fræjum af landinu öllu. Hann valdi garðinum stað í skjólsælum hvammi rétt austan við Núp og hóf þar framkvæmdir árið 1905. Formlegur vígsludagur Skrúðs er 7. ágúst 1909 og var hann valinn af kostgæfni en þá voru 150 ár voru liðin frá því að annar brautryðjandi um ræktun á Íslandi, séra Björn Halldórsson, setti niður fyrstu kartöfluna í Sauðlauksdal við Patreksfjörð.

Skrúður var frá upphafi nýttur til kennslu og þar fræddust nemendur við Núpsskóla um ræktun og notkun matjurta. Hönnun garðsins var líka einstök, því þar er fyrsti gosbrunnur á Íslandi og sérstök „dvalarflöt“ og tjaldstæði fyrir gesti. Skrúður er nú rekinn sameiginlega af Ísafjarðarbæ og sérstökum framkvæmdasjóði með það skilgreinda markmið að varðveita menningarminjar og fræða gesti um margt það sem snýr að útiræktun matjurta, trjáa og skrautjurta.

Merkileg saga litla skrúðgarðsins í Dýrafirði hefur vakið athygli út fyrir landsteinana og í fyrra hlaut Skrúður Carlo Scarpa-verðlaunin, virt alþjóðleg verðlaun á sviði umhverfis, menningarlandslags og sögulegra garða í Evrópu. Þeirri viðurkenningu verður frá og með sumrinu í sumar gert skil með sérstakri veggspjaldasýningu í anddyri hótél Núps. Sýningin gerir grein fyrir íslenski menningar- og garðasögu og sýnir mikilvægi Skrúðs í því samhengi. Hún var upphaflega unnin fyrir afhendingu Carlo Scarpa-verðlaunanna á Ítalíu í fyrra og er allur texti sýningarinnar og sýningaraskráin á ensku og ítölsku.

Eins og fyrri sumur er Skrúður öllum opinn, en unaðsreiturinn sá er tilvalinn áningarstaður fyrir ferðapreytt fólk.



Sýning á verkum Péturs ópnar í Edinborgarhúsinu í sumar.

Bílskúrsgallerí á Ísafirði

Gallerí S 18 var opnað við Seljalandsveg 18 á Ísafirði í fyrrasumar. Þar er um að ræða nokkuð óhefðbundið gallerí, enda starfrækt í bílskúr hjónanna sem þar búa, myndlistarmannsins Péturs Guðmundssonar og Jóhönnu Ásgeirsdóttur. Í skúrnum selja þau og sýna málverk og handverk. Fjölmargir ferðamenn ráku inn nefið síðasta sumar.

„Þetta mæltist mjög vel fyrir og fólki fannst skemmtilegt að ramba inn í gallerí í miðri íbúabyggð,“ segir Pétur. Galleríið er alltaf opið að hans sögn og sé það ekki galopið má bara banka upp á. Á góðviðrisdögum má gjarnan fylgjast með Pétri saga mdf-plötur fyrir utan skúrinn en þær notar hann í svokallaðar lágmyndir. Þess má svo að lokum geta að í júní opnar Pétur sýningu á verkum sínum í Edinborgarhúsinu á Ísafirði.



Fjölmargir ferðamenn ráku inn nefið í Gallerí S18 í fyrra.



Pétur að störfum.

Víkingasvæðið á Þingeyri í anda Gísla Súrssonar

Sjóstöng á víkingaskipinu Vésteini alla daga kl. 10.00

Söguferð í Haukadal alla daga kl. 14.00

Kvöldvaka og grill alla daga kl. 19.00

Sigling inn í sólarlagið á víkingaskipinu Vésteini alla daga kl. 21.30



EagleFjord
Ferðapjónusta

Eaglefjord Ferðapjónusta
www.eaglefjord.is • jon@eaglefjord.is • (+354) 894-1684



Fyrir utan Skjaldborgarbió.

Heimildamyndahátíð með sérlega hressu sniði

Skjaldborg, hátíð íslenskra heimildamynda, verður haldin í áttunda sinn á Patreksfirði um hvítasunnuhelgina, 6. - 9. júní. Markmið hátíðarinnar er að frumsýna nýjar íslenskar heimildamyndir og veita kvikmyndagerðarfólki og áhugamönnum um heimildamyndir tækifæri til að koma saman. Hafsteinn Gunnar Sigurðsson, leikstjóri er einn af Skjaldborgarstjórum. „Hátíðin verður með nokkuð hefðbundnu, en þó sérlega hressu sniði í ár. Það er útlit fyrir að dagskráin samanstandi af mörgum spennandi titlum. Svo verður auðvitað Plokkfiskveisla Kvenfélagsins á sínum stað, Fiskiveislan í Sjórnæningjahúsinu, hið löðrandi hressa Dansiball og hin eitilharða limbókeppni,“ segir Hafsteinn frá.

Heiðursgestur hátíðarinnar í ár verður Victor Kossakovsky. „Victor er rússneskur heimildamyndagerðarmaður og mjög stórt nafn í alþjóðlegri heimildamyndagerð. Það verða sýndar fjórar myndir eftir hann, hver annarri áhugaverðari. Myndir hans hverfast oft en ekki um einhverja eina sterka hugmynd og einkennast af ljóðrænni, heimspekilegri sýn á hversdaginn í bland við kitlandi húnor.“ Hafsteinn Gunnar segist búast við um fjögur hundruð gestum á Skjaldborg í ár og verður Patreksfjörður því að vanda spriklandi af lífi á meðan á hátíðinni stendur. Áhugasamir geta glöggvað sig betur á fyrirkomulaginu á heimasíðunni skjaldborg.com.



Gestir gæða sér á gúmmulaði í Sjórnæningjahúsinu.



Hafsteinn Gunnar, einn af aðstandendum hátíðarinnar.

E
N
G
L
I
S
H

Documentary heaven in Patreksfjörður

The Skjaldborg documentary film festival will be held in Patreksfjörður for the eighth time this June. The festival shows new Icelandic documentaries and has become a fixed point in Icelandic filmmakers' calendars in the years it's been running. Film lovers should not miss this opportunity to get acquainted with the thriving Icelandic documentary scene, as the films are all texted in English.

This year's guest of honor is Russian documentary director Victor Kossakovsky, with four of his films showing at the festival. "Kossakovsky's films are each more interesting than the next. His films often focus on one strong idea and are characterised by a poetic, philosophical view of everyday life, mixed with great humor," says Hafsteinn Gunnar Sigurðsson, one of the festival organizers.

As usual, guests at Skjaldborg are treated to some fun events outside the festival program. The women's association in Patreksfjörður will host its traditional and very popular fish stew dinner, and visitors are encouraged to compete in the very challenging yearly limbo dancing competition and go all in at the dance in Sjórnæningjahúsið. For more information visit skjaldborg.com.

Vestfirska forlagið 20 ára

Forlagið við yzta haf

Vestfirska forlagið var stofnað á Hrafnseyri árið 1994. Fyrsta útgáfubókin fjallaði um Jón forseta. Síðan hefur forlagið gefið út á þriðja hundrað bækur um aðra Vestfirðinga og Vestfirði undir samheitinu Vestfjarðabækurnar.

Til gamans má rifja upp, að á kristilegum fundi á Hrafnseyri um svipað leyti var rætt um reikninga sókna og kirkjugarða, hvernig með ætti að fara í sambandi við endurskoðun þeirra, birtingu og samþykkt. Sagði þá séra Baldur Vilhelmsson fráfarandi prófastur: Ég er nú búinn að láta samþykka þessa reikninga í mörg ár án þess nokkur maður hafi séð þá.

Sama mætti segja um Vestfirska forlagið. Það hefur gefið út allar umræddar bækur eiginlega án þess að nokkur maður hafi tekið eftir því!

Forlagið við yzta haf er eflaust með þeim afkastamestu á landinu, sé tillit tekið til starfsmannafjölda og yfirbyggingar. Bókaflokkar eins og Mannlíf og saga fyrir vestan, Frá Bjargtöngum að Djúpi og Gamansögur að vestan, í bland við fjölmargar ævisögur og annað efni, hafa veitt mörgum lesendum ánægju. Fjöldi höfunda, sem Vestfirska forlagið hefur gefið út, hafa aldrei áður birt eftir sig staf. Er þó engu líkara en þar haldi á penna menn sem hafi ekki gert annað en skrifa bækur. Það væri rannsóknarefni út af fyrir sig.

Margir telja að Vestfirska forlagið hljóti að hafa grætt mikið af peningum með allri þessari útgáfu. Það er misskilningur. Gróðinn er fólgin í ánægjunni yfir að hafa gefið út margar athyglisverðar bækur. Og ekki síður að hafa haldið til haga geysilega miklu af vestfirsku efni sem annars hefði farið í glatkistuna. Á það ekki síst við um þúsundir ljósmynda.

Öll ævintýri eiga sér upphaf og endi. Ævintýrið um Vestfirska forlagið fellur að sjálfsgöðu undir þann hatt. Það dregur nú saman seglin, þó skipið sé ekki endanlega komið í naust. Við sjáum hvað setur. Með bestu kveðjum til allra þeirra sem þykir vænt um Vestfirði.

Hallgrímur Sveinsson.



Vestfirska forlagið

Upp með Vestfirði!
Pantaniir: 456-8181 - jons@snerpa.is
www.vestfirska.is

Minum sérstaklega á netverslun okkar www.vestfirska.is



Mínir Vestfirðir!

// Örvar Smáráson,
tónlistarmaður.



Eins og fótalaus húsfluga á balli á Flæðareyri

Ég hef átt óteljandi ævintýri á Vestfjörðum og oft þykir mér ævintýri í sjálfu sér bara að rífa þau upp. Nokkur sumur hef ég dvalið á Galtarvita við Keflavík og fengið að njóta lífsins sem útnesjamaður eins og Óskar Aðalsteinn. Svæðið þar í kring er töfrum líkast, einangrunin er orkulind og lítið um heimsóknir nema þá helst frá selum eða háhyrningum. Næsta vík við Keflavík er Skálavík. Það er einstaklega fallegur staður, mögulega fallegasta vík á Íslandi og þá sérstaklega séð ofan af fjöllum sem liggja allt um kring. Úr Skálavíkinni liggur einmitt skarðið sem prílað er upp ef gengið er í Galtarvita og það er skemmtileg tilbreyting frá sjóleiðinni. Þar er ekkert símasamband, en þegar ég sat þar einu sinni fastur og bíllaus tókst mér þó að hringja í leigubíl í gegnum talstöð.

Eitt sinn dvaldi ég á Ísafirði sumarlangt og hafði aðgang að Tónlistarskólanum og hljóðfærunum þar og það var ævintýri út af fyrir sig. Sama sumar var ég gerður útlægur frá Ögurballinu, mögulega að eilífu, fyrir það að skemmta mér úr hófi fram að hætti aðkomumanna. Ekki verður hér minnst á öll þau skipti sem ég hef spilað á hátíðinni Aldrei fór ég suður og þau ljónalæti sem því fylgja. Það er alltaf upplifun að spila fyrir vestan, sama hvort það er á menntaskólaballi eða á sólarkaffi, stemningin er einstök.

Sumarið 2007 gifti ég mig í Súðarvíkurkirkju þar sem tengdarforeldrar mínir höfðu gengið í hjónaband einhverjum áratugum fyrr. Brúðkaupið gekk nokkurn veginn snuðrulaust fyrir sig þar til mér tókst að týna hringnum við sund í höfninni seinna um nóttina. Við kíkjum nú við á Súðavík á hverju sumri og svipumst eftir hringnum, stundum má sjá glampa í eitthvað á botninum.

Eins á ég margar góðar minningar frá Jökulfjörðum. Á Flæðareyri við Leirufjörð stendur stórglæsilegt samkomuhús og þar hefur verið haldin hátíð með dansiballi á fjögurra ára fresti frá árinu 1968. Þar skemmta Grunnvíkingar sér við söng og dans. Ég hef farið á nokkur dansiböll með fjölskyldunni



minni frá því ég var krakki. Kona mín, Birgitta Birgisdóttir, neitaði í fyrstu að trúna því að salurinn í samkomuhúsinu væri minni en sá í Ögri, þangað til hún bar hann loks augum. Ég er strax farinn að hlakka til ársins 2016 þegar hátíðin verður haldin næst.

Hátíðin sumarið 1984 er mér sérstaklega minnstæð, en þá gekk mikið breikdans æði yfir landið og íslensk ungmenni ekki lengi að tileinka sér skrykkjótt danssporin. Þó að ég hafi aðeins verið 7 ára var ég engin undantekning,

enda götustrákur úr borg óttans. Kvikmyndin Beat Street var reyndar ekki frumsýnd á Íslandi fyrr en seinna um sumarið, en ég man ekki betur en að ég hafi lært hreyfingarnar af skýringarmyndum á kassettu sem fylgdi dönsku Andrésblaði. Og nú skipti engu máli þótt að undirleikurinn á ballinu væri á harmónikku, aðlögunarhæfni barna er slík að ég henti mér einfaldlega í gólfið og snéri mér í hringi eins og áttavíllt, fótalaus húsfluga. Í minningunni var þetta stór stund og ævintýri í sjálfu sér.





Saga Sigurðardóttir sýnir danseinleiksverk í sumar.



Stuðmaðurinn Egill Ólafsson treður upp á Suðureyri.



Björn Thoroddsen leikur á hátíðinni í ár.



Guðmundur Ólafsson leikur í sýningunni Tenórnum.

Einleikir í ellefu ár

Arnar Jónsson stígur á svið í Sveinsstykki.

Einleikjahátíðin Act alone verður haldin í ellefta sinn aðra helgina í ágúst í nýjum heimkynnum sínum í sjávarþorpinu Suðureyri. Hátíðin fer fram dagana 6. – 10. ágúst. Boðið verður upp á fjölbreytta dagskrá fyrir alla aldurshópa. Leiklist verður að vanda í aðalhlutverki en einnig verður boðið upp á dans, ljóðlist, tónlist, gjörninga og fleira einleikið. Að vanda verður aðgangur að öllum viðburðum Act alone ókeypis eins og verið hefur allt frá því hátíðin var fyrst haldin árið 2004.

Alls verða um tuttugu viðburðir í boði. Meðal sýninga má nefna Sveinsstykki með stórleikaranum Arnari Jónssyni. Guðmundur Ólafsson mætir með hina vinsælu sýningu Tenórinn. Möguleikhúsið sýnir Eldklerkinn sem fengið hefur afbragðsdóma og viðtökur. Leikari er Pétur Eggerz. Dansinn verður einnig stígin á Act alone. Saga Sigurðardóttir sýnir

einleiksverk og Anna Richardsdóttir verður með dansandi þrífagjörning í þorpinu. Börnin fá líka sitt. Hinn vinsæli Vísinda-Villi verður bæði með vísindanámskeið og sýningu, en hann sló eftirminnilega í gegn um síðustu jól með vísindabók sinni sem er nú til á nánast hverju heimili landsins.

Tveir miklir meistarar sjá um tónlistina á hátíðinni í ár, gítarsnillingurinn Björn Thoroddsen og stórsöngvarinn og Stuðmaðurinn Egill Ólafsson. Ljóðlistin verður einnig á dagskrá Act alone í ár, því ísfirski verðlaunahöfundurinn Eiríkur Örn Norðdahl mun lesa úr verkum sínum og Ólína Þorvarðardóttir verður með kvæðakveld. Hægt er að fylgjast með hátíðinni á heimasíðunni actalone.net. Þar verður endanleg dagskrá birt í júní.

BRÆÐRABORG KAFFIHÚS CAFÉ



Notaleg stemmning

Nýbakað brauð og heimatilbúið álegg

Ljúffengir hádegisréttir

Léttar veitingar allan daginn

Hollir og orkumiklir nestisþakkar



Góður matur



Tasty food

Fritt net



Free Wi Fi

Vinveitingar



Drinks

Plötuspilari



Gramophone

Lífrent



Organic

Nestisþakkar



Lunch boxes

BOREA ADVENTURES

Áætlunarferðir á Hornstrandir

ÁFANGASTAÐUR	Sun.	Mán.	Þri.	Mið.	Fim.	Fös.	Lau.
Frá Bolungarvík Hesteyri	16:00	10:00		09:00 17:00		09:00 17:00	
Veðileysufjörður	16:00			09:00 17:00		09:00 17:00	17:00
Grunnavík		10:00		09:00 17:00		09:00 17:00	
Aðalvík		14:00			14:00		
Hornvík							10:00

**Þanta þarf sérstaklega ferðir á eftirtalda staði:
Slétta, Lónafjörður, Hrafnfjörður og Höfði**





Börnin mæla með!

Alltaf eitthvað að gerast í Reykhólahreppi

Krakkarnir í grunnskólanum á Reykhólum segja staðinn fallegan og í raun besta stað í heimi. Samúel og Hlynur mæla með því að fara í fótbolta. Þeir segja krakkana á svæðinu mjög skemmtilega. „Hér er lítil umferð, þorpið er mátulega stórt og auðvelt að finna mann ef maður týnist. Maður er miklu hugrakkari hér en í borg,“ segir Jóhannes Hrafn. Aníta Hanna segir að það sé alltaf eitthvað að gerast og mikið að gera úti alveg sama hvaða árstíð sé. Ólafur Guðni er frá Gufudal. Honum finnst skemmtilegast að skoða fjörunnar í sveitinni sinni, þar sé hægt að finna marga dýrgripi. Honum finnst líka gaman að vera með dýrunum.

Börnin mæla með!



Ótal útivistarmöguleikar fyrir börn á Tálknafirði

Krakkarnir í grunnskólanum á Tálknafirði tóku saman eitt og annað sem börn hafa gaman af að bralla á svæðinu. Þau mæla með því að hjóla eða labba í pollinum. Fara í fótbolta á sparkvellingum hjá tjaldstæðinu, fara út í leiki, fara í fjöruna og í sund. Þá leggja þau til að fólk gangi um í skógræktinni og gangi upp á fjallið Tungufell. Þá sé einnig gaman að ganga yfir á Bíldudal. Svo ættu auðvitað allir góðir dagar að enda á því að grilla pulsir og banana með súkkulaði á grillinu á tjaldstæðinu.

ÆVINTÝRI Á BREIÐAFIRÐI

- Vikingasushi Ævintýri
- Ferjan Baldur
- Flatey, eyjan þar sem tíminn stendur í stað



SÍMI: 433 2254

Sæferðir - Smiðjustíg 3 - Stykkishólmi - Snæfellsnes



www.saeferdir.is

dellusafnið

þar sem söfnunardellan á sér engin takmörk.



Opnunartími frá 12:30-17:30 virka daga
og 13:00-16:00 um helgar
(frá 1. júní til 15. september)

Hafnarstræti 9 | Flateyri

Sími: 894-8836 Netfang: dellusafnið@simnet.is

Aðgangseyrir: 700 kr. Fyrir 13 ára og eldri.

Vertu vinur okkar á | facebook.

Hafðu bankann í vasanum

Á L.is kemstu alltaf í bankann. Allar helstu aðgerðir í netbanka – millifærslur, yfirlit bankareikninga, greiðsla reikninga og margt fleira – eru aðgengilegar á L.is auk upplýsinga um markaði, gjaldmiðla og stöðu Aukakróna.

Betri netbanki á L.is

Í netbanka L.is getur þú stundað öll almenn bankaviðskipti með farsímanum, hratt og örugglega.

Hagnýtar upplýsingar

Þú finnur allar helstu upplýsingar fljótt og vel. Staðsetning útibúa og hraðbanka, fréttir, stöðu gjafakorta, gengi gjaldmiðla o.fl.

Snjallgreiðslur

Með snjallgreiðslum geturðu millifært á örskotsstundu með því einu að þekkja farsímanúmer eða netföng viðtakanda og viðtakandinn getur verið í hvaða banka sem er.



Fyrir flesta nettengda síma

L.is nýtir nýjustu tækni í farsímalausnum og einskorðast ekki við snjallsíma, heldur virkar á nánast öllum nettengdum símum.

Enginn auðkennislykill

Nýtt öryggiskerfi Landsbankans tryggir hámarks öryggi í netbanka einstaklinga og þar sem auðkennislykillinn er orðinn óþarfur er nú orðið mun þægilegra að fara í netbankann í símanum.

Aukakrónur

Þú hefur gott yfirlit yfir Aukakrónurnar þínar, síðustu færslur, afslætti og staðsetningu samstarfsfyrirtækja Aukakróna.



Skannaðu QR kóðann til þess að fara á L.is

Landsbankinn

landsbankinn.is

410 4000





Kaupmaðurinn

OUR FAVORITES IN NATIVE DESIGN

Drop by and discover our wide selection of the most popular and prominent Icelandic design.

We offer you the most reasonable prices and tax free refunds.

We look forward to seeing you today!



Kaupmaðurinn, Austurvegur 2, 400 Ísafjörður
www.facebook.com/Kaupmadurinnahorninu

Hafnarbúðin Ísafirði

Útivistarvörur, veiðivörur,
íþróttavörur, sundfatnaður,
gasvörur og margt fleira
Fatnaður og skór á alla fjölskylduna
Verið velkomin




Virka daga 9-18 - laugardaga 11-14
456-3245

<http://www.facebook.com/hafnarbudin>

HRAFNSEYRI

Safn Jóns Sigurðssonar - Museum



Ný sýning um Jón Sigurðsson var opnuð árið 2011 á Hrafnseyri í tilefni þess að 200 ár voru liðin frá fæðingu hans á staðnum. Sýningin er opin 1. júní - 8. september. Aðgangseyrir að sýningunni er kr. 800. Ellilífeyrisþegar og hópafsláttur kr. 500. Frítt fyrir börn 17 ára og yngri. Sími: 456 8260 og 845 5518. Veitingasala er í Burstabænum, sími: 862 4509.

A new exhibition about Jón Sigurðsson, the leader of the Icelandic campaign for self-determination in the 19th century, was opened on Hrafnseyri 2011.

Opening hours: June 1 - September 8, 11 - 18 hours every day.
Admission fee: Adults kr. 800. Seniors kr. 500. Free of charge 17 years and younger. Tel: 456 8260 and 845 5518

<http://www.hrafnseyri.is> - hrafnseyri@hrafnseyri.is


The Arctic Fox Centre in Súðavík welcomes you to the world's only exhibition dedicated to the Arctic fox, and our base for Arctic fox research and pup rehabilitation.

At our Centre you will also find a cosy café with freshly made soups, cakes and waffles, free WiFi and a large and peaceful outdoor area.

OPEN ALLYEAR

+354 456 4922

www.melraki.is



Have you seen an
Arctic fox yet?

Melrakkasetrið í
er fræðasetur sem tileinkuð

Súðavík
er heimskautarefnum.

Í Melrakkasetrinu er að finna fræðandi efni í máli og myndum um refi í náttúrunni, refarækt og refaveiðar.

Í Melrakkasetrinu er notalegt kaffihús þar sem boðið er upp á súpu og plockfisk, heimabakaðar kökur og vöflur og rjúkandi kaffi.

Velkomin í
Galdraporpið
Hólmavík



Ferðapjónusta í Strandabyggð

GISTING:
Snartartunga í Bitrufirði
Ferðapjónustan Kirkjubóli
Gistiheimilið Borgarbraut
Steinhúsið, Hólmavík
Gistihúsið, Broddanesi

TJALDSVÆÐI:
Tjaldsvæðið á Hólmavík

SÝNINGAR OG SÖFN:
Galdrasafnið á Hólmavík
Sauðfjársetur á Ströndum

AFÞREYING:
Sundlaugin á Hólmavík
Golfvöllurinn Skeljavík

HESTAFERÐIR:
Svaðilfari á Laugalandi
Strandahestar Hólmavík

VEITINGAR:
Sauðfjársetur á Ströndum
Café Riis á Hólmavík
Söluskáli KSH

Við lofum
góðum dögum á Ströndum!



Upplýsingamiðstöð ferðamála á Hólmavík - Sími 451 3111 - info@holmavik.is - www.holmavik.is/info




Komdu á Kaffi Ísól

Í hjarta Ísafjarðar
að Austurvegi 1

Allt til að seðja hungrið ...





Mínir Vestfirðir!

// Þóra Arnórsdóttir



Svona eyddu Nína (3) og Halldór (5) sumrinu á Kirkjubóli.



Fjölskyldan nýtekin við á Kirkjubóli í Bjarnardal í Önundarfirði, 2011.

Vestfirðir eru ekki bara sumarstaður



Við Ásdís með vini okkar Aðalsteini Valdimarssyni á Strandseljum, 2011.



Öviðjafnanleg miðnæturkajaksigling á Önundarfirði 2011.

„Parna er sveitungi þinn,“ sagði pabbi og benti á mann sem sat í strætó sem var að leggja af stað frá Hlemmi og ég sá grilla í gegnum gluggann. Ég var kannski átta ára og áttaði mig ekki alveg á þessu. Það sem hann átti við, var að annað foreldri þessa manns hafði alist upp að hluta í Ögurhreppi hinum forna, en pabbi var fæddur á Strandseljum í þeim sama hreppi. Ólst samt ekki upp þar, heldur á Ísafirði, þaðan sem hann flutti á unglingsárum. Hvernig gat þessi maður þá verið sveitungi minn, ég sem hafði búið í Kópavogi alla mína tíð og aldrei komið í Ögur?

Þar komum við að kjarna málsins. Taug Vestfirðinga er svo fjári römm. Þótt það hafi nú að mestu farist fyrir hjá Vestfirðingnum föður mínum að fara með okkur systkinin vestur og sá fræjum (og svo það sé nú sagt þá dreymdi mig helst um að búa á Selfossi sem barn), þá er eitthvað merkilegt sem gerist í hjartanu þegar ég kem vestur. Mér finnst fjöllin ekki þrúgandi, þau faðma mig. Mér finnst sólsetrið svo fagurt að ég nenni ekki að lýsa því fyrir vinum sem ekki hafa enn hlunkast vestur, segi þeim bara að drífa sig af stað og helst alla leið á Hornstrandir. Mér finnst skammdegið ekki hart, frekar eins og flauel. („Það er komið rafmagn,“ sagði Sigurjón Samúelsson, bóndi á Hrafnabjörgum, þegar við frænkur spurðum hann hvernig skammdegið legðist í hann. Hann skildi ekki hvernig það gæti verið vandamál

þegar þyrfti bara að ýta á einn takka til að lýsa allt upp).

Þegar við hjónin fórum í tveggja vikna tjaldútilegu um Vestfirði með fjóra krakka á aldrinum 1 ½ til 9 ára vorum við búin undir það versta; ausandi rigningu, skafrenning á heidum, malarvegi frá síðustu öld o.s.frv., en vonuðum það besta. Svo fór að við urðum veðurteppt. Hver ætlar að draga krakkaskara inn í bíl þegar þau eru upptekin við að hlaupa út í Atlantshafið og byggja sandkastala á Rauðasandi, með foreldrana á eftir sér með sólarvörn á lofti? Hver ætlar að troða þeim aftur inn í bíl þegar þau eru upptekin við að velta sér í grasinu við Uppsali í Selárdal og horfa upp í skafheiðan himininn, flissandi? Hver ætlar að reka þau áfram þegar þau eru upptekin við að stífla læk í glampandi sól í ónefndum firði? Ég bara spyr?

En athugið þetta: Það var vissulega gaman að njóta góða veðursins. Við áttum líka dásamlegt sumar, „frí“ í Önundarfirðinum með fimm krökkum við rekstur á lítilli bændagistingu. (Halló Kirkjuból!) Aðra eins náttúrufegurð og kyrrð og á Hornströndum hef ég ekki upplifað nokkurs staðar annars staðar í veröldinni. Ögurball undir eldrauðum júlíhimni er engu líkt. Vestfirðir eru samt ekki bara sumarstaður. Eftir að við Ásdís Ólafsdóttir, frænka mín, hófum gerð heimildabátta um bændur í Inndjúpinu hef ég ekið vestur á öllum tímum árs. Lítið inn til bænda, drukkíð fullt af kaffi, fylgst með daglegu

amstri, rakið úr þeim garnirnar og fengið þau einlægustu og hreinskilnustu svör sem hægt er að hugsa sér. Séð norðurljósin dansa eins og á póstkortunum. Keyrt lúshægt fyrir Skötufjörðinn og hlýnað að innan þegar ljósin birtust í Hvítanesi hjá Siggu og Kristjáni. Siglt út í Vigur í óskaplega miklu frosti. Hent mér í laugina í Reykjanesi og dáðst að uppbyggingunni í Heydal. Hangið á Ísafirði við klippivinnu og lent í valkvöl yfir því hvort við ættum að fara á pöbkkviss, upplestur eða tónleika. Í nóvember, hvað allir athugi.

Mín skoðun er sú, að allir Íslendingar verði að heimsækja Vestfirði. Helst sem oftast, en að minnsta kosti einu sinni á ævinni. Þar eru stórkostlegar gönguleiðir sem hægt er að njóta í næði, fjarri yfirfullum Laugavegi eða Fimmvörðuhálsi. Þar er náttúran og dýralífið svo nálægt ferðalangnum að það getur verið nauðsynlegt að gæta sín. Svo þurfum við líka að upplifa öll á eigin skinni – og bifreið – hversu samgöngurnar eru skelfilegar á Suðurfjörðunum, annars grunar mig að það verði aldrei lagað. Það er ekkert sætt við ónýta vegi, sérstaklega ekki fyrir þá sem þurfa að nota þá allan ársins hring til að komast á milli staða. En fyrst og fremst er bráðnauðsynlegt að hitta fólkíð sem býr og starfar og lifir sínu lífi á þessum hluta landsins. Það verður í alvöru enginn svikinn af því. Allt hitt er eiginlega bara bónus. Góða ferð!



BÍLDUDALUR

...aðeins 35 mínútur frá Reykjavík!



Krassandi sæskrímslasögur og ljúffengar veitingar!



Strandgötu 7 | 465 Bíldudal | Sími 456-6666 | skrimsl@skrimsl.is

Farfuglaheimilið á Bíldudal, hugguleg gisting við höfnina!



Hafnarbraut 2 | 465 Bíldudal | Sími 456-2100 | bildudalur@hostel.is

Rifjaðu upp öll gömlu lögin í Melódíum minninganna!



Reynimel, Tjarnarbraut 5 | 465 Bíldudal | Sími 456-2186

Tjalda, fara í pottinn og fleyta kerlingar í fjörunni!



Íþróttamiðstöðin Bylta, Bíldudal | Sími 450-2354 | bylta@vesturbyggd.is

Veitingar og vistir færðu á Vegamótum!



Tjarnarbraut 2 | 465 Bíldudal | Sími 456-2232 | gudfrid@simnet.is

Fæst hjá þjónustuaðilum á Bíldudal!



Dalbraut 39 | 465 Bíldudal | Sími 456-2112 | jorundur@hafkalk.is

Taktu frí frá raunveruleikanum - endurnýjaðu orkubirgðirnar!



Stiklur verkefnahús | 465 Bíldudal | Sími 662-8446 | stiklur.steppingstones@gmail.com



LÚR-hópurinn leitar fjárstyrkja á Karolina Fund til 6. júní.



LÚR á Ísafirði



LÚR festival er ætað að búa til vettvang fyrir vestfirsk ungumenni til að koma fram.



Hópur ungmenna hefur fundað í allan vetur til að skipuleggja LÚR.

LÚR festival, stytting á hinu eiginlega nafni hátíðarinnar, Lengst úti rassgati, verður haldin á Ísafirði 12. - 15. júní. LÚR er listahátíð ungs fólks og skipulögð af hópi ísfirskra ungmenna á aldrinum 16 - 26. Markmið hátíðarinnar er að skapa vettvang fyrir unga listamenn á Vestfjörðum til að koma fram og kynna öðrum listamönnum.

Ísafjörður hefur löngum haft orð á sér fyrir að vera mikill tónlistarbær, en á LÚR verður megináherslan hins vegar lögð á myndlist, sviðslistir og kvikmyndir. „Ungmennin sem skipuleggja hátíðina lögðu strax áherslu á að vera annað en tónlistarhátíð og búa þannig til vettvang fyrir aðrar listgreinar. En svo má nú ekki gleyma því að góð hátíð verður sjaldan til án matar og tónlistar,“ segir Ólöf Dómhildur Jóhannsdóttir, verkefnastjóri

í Menningarmiðstöðinni Edinborg, þar sem hugmyndin að hátíðinni kviknaði.

„Við boðuðum til fundar fyrir ungt fólk sem gæti haft áhuga á verkefnum tengdum listum og menningu. Á fundinn mættu fjórar öflugar stelpur úr Menntaskólanum á Ísafirði, en nokkrar þeirra stunda nám í dansi og tónlist í Listaskóla Rögvaldar Ólafssonar. Þær tóku upp þráðinn og töluðu við vini sína í skólanum. Hópurinn fundaði svo tvisvar í mánuði eða oftar í allan vetur,“ segir Ólöf frá tilurð LÚR. Sótt var um styrk til Evrópu unga fólksins og í framhaldinu var sótt um ungmennaskiptaverkefni fyrir hátíðina. „Við eigum núna von á tveimur hópum, einum frá Rúmeníu og öðrum frá Finnlandi, sem taka þátt í listasmiðjum í vikunni sem hátíðin er sett,“ segir Ólöf frá.

Á LÚR verða haldnar sýningar á afrakstri þessara vinnusmiðja, en þema þeirra er „tabú“. Á dagskránni er sömuleiðis flóamarkaður, tíkusýning, kvikmyndasýningar, gjörningar og tónlistarviðburðir. Hátíðargestir munu svo geta tekið þátt í danssmiðju á vegum danshópsins Shär og örsmiðjum sem haldnar verða á föstudeginum. Lokahóf LÚR verður haldið laugardaginn 14. júní, en þar koma fram lókal bönd og hljómsveitin Mammút.

LÚR leitar nú fjárstyrkja á fjármögnunarsíðunni Karolina Fund, en hægt er að styrkja verkefni til 6. júní. Að launum fást ýmis fríðindi háð upphæð styrks, svo sem miði á lokahófið, gisting á tjaldstæði eða bláberjasending þegar haustar. Frekari upplýsingar má finna á síðunni lurfestival.wordpress.com.

Súðavík
Súðavíkurehreppur
ÍSAFJÖRÐURDJÚP

www.sudavik.is | +354 450 5900 | sudavik@sudavik.is

Family | Fjords

PLAY | EXPLORE | RELAX

WONDER | CONNECT | RECHARGE

Hornstrandaferðir

Boat trips from Norðurfjörður to Reykjarfjörður and Látravík (Hornstrandir) and back.

Sightseeing trips from Norðurfjörður.



☎ 00354 8436500
info@hornstrandaferdir.is

Urðartindur

Norðurfjörður | Árneshreppur

accommodation
with bathroom

Summer cottages



524 Árneshreppur
☎ 00354 8438110

urdartindur@urdartindur.is
www.urdartindur.is

Börnin mæla með!



Gaman að leika við sjóinn á Þingeyri

Robert Zophanias Gestsson er níu ára Þingeyringur. Hann segir margt hægt að gera á Þingeyri fyrir börn. Sjálfur segist hann leika sér mikið úti á sumrin og finnst sérstaklega gaman að veiða á bryggjunni. „Það er hægt að veiða svo margar fiskitegundir. Það mætti samt laga stóru bryggjuna og setja þar svæði til að veiða á.“ Robert mælir einnig með hjólreiðum og segir að það sé fínt að hjóla í bænum. Í júlí eru Dýrafjarðardagar haldnir og þá er mikið líf á Þingeyri, „Þá er til dæmis skemmtilegt að fara á víkingasvæðið og sjá sýningar og alls konar fleira.“ Fjaran hefur alltaf aðdráttarafli fyrir unga fólk. „Það er mikið gert af því hér á Þingeyri að stökkva og synda í sjónum. Það er líka gaman að fara í vatnsbyssustríð, allir á móti öllum. Það er ekkert einelti hér og það er gaman þegar allir leika saman, stelpur og strákar.“ Robert finnst að það ættu fleiri að flytja til Þingeyrar því það sé fallegur bær og nóg pláss. Hann hefur ákveðna framtíðarsýn fyrir bæinn. „Hér væri hægt að hafa gróðurhús og húsdýragarð niður við höfnina. Svo væri gaman að hafa sirkus sem færi bara á milli bæja til að sýna. Svo væri líka hægt að setja upp bílabíó á sumrin við hliðina á íþróttahúsinu og selja popp og kók á lágu verði.“

Fullt að gera í Árneshreppi

„Það er fullt hægt að gera hérna í Árneshreppi,“ segja börnin sem þar búa. Krakkar geta til dæmis farið í sund í Krossneslaug, keypt sér nammi í kaupfélaginu, leikið sér á leikvellinum í Finnbogastaðaskóla, farið í boltaleiki á fótboltavellinum hjá Samkomuhúsinu, veitt síli í lækjum, farið niður í fjöru, horft á fuglana og selina, skoðað handverkshúsið og minjasafnið Kört og farið að vaða í sjónum í Norðurfirði. „Svo er hægt að ganga í Kistuvog eða Kistu eins og við köllum það. Þar voru galdramenn brenndir á báli.“ Á Eyri og í Djúpavík eru svo gamlar sildarverksmiðjur sem er gaman að skoða.

Gisting í íbúðum!

Fullbúnar íbúðir með aðgengi að interneti, þvottavél og þurrkara. Kolagrill á svölum. Svefnpokaláss eða uppábúin rúm eftir pöntunum!



Mánafell

Stígahlíð 2-4 Bolungarvík • Sími 863 3879 •
892 1616 • Heimasíða: www.orkudisa.com
Netfang: arndis@vestfiridir.is

Verið velkomin



Gamla bakarið
GAMALT EN SÍUNGT

Adalstræti 24
Sími 456 3226



Húsið: A great café, restaurant and bar. The house that welcomes you to Isafjordur with great food and hospitality. Our menu includes fish of the day, soup, steak, lamb and much more. You are welcome at Húsið.

Koddinn: Warm rooms with made up beds, breakfast optional and kitchen facilities. Easy walking distance from the town center.

Hrannargata 2 | Tel: +354 456 5555



Hollusta úr héraði.
Ferskur fiskur og
fjölbreytt góðgæti.



Local ingredients,
fresh fish and
delicious treats.



Lokale Zutaten,
frischer Fisch und
Schlemmereien.

VIÐ POLLINN

Veitingar á Hótel Ísafirði
Restaurant at Hotel Ísafjörður

Opið allan daginn
Open all day

Sími/Tel 456-3360 | vidpollinn.is

Viðburðir á Vestfjörðum

sumarið 2014



JÚNÍ

Sjómanna dagurinn er haldinn hátíðlegur víða á Vestfjörðum eins og á landinu öllu, en hann ber upp á sunnudaginn **1. júní**. Í **Bolungarvík**, elstu verstöð Íslands, er hann einn af stóru menningarviðburðunum ár hvert og mikið um að vera í bænum helgina **30. maí - 1. júní**. Á **Patreksfirði** er deginum einnig fagnað rækilega og um að gera að kynna sér dagskrána þar í bæ. // Í Súðavík hefur **1. júní** yfirskriftina **Krakkadagur**, en þá njóta börnin sín og veiða í höfninni, leika sér í hinum sívinsæla **Raggagarði** og syngja saman í söngkeppninni Sædol í Samkomuhúsinu þegar kvöldar. // **Skjaldborg** - hátíð íslenskra heimildamynda setur svip sinn á **Patreksfjörð** helgina **6. - 8. júní**. Nýjar íslenskar heimildamyndir eru sýndar í kvikmyndahúsinu sem hátíðin dregur nafn sitt af, efnt er til plokkfiskveislu, dansballs og afar metnaðarfullrar limbókeppni, svo dæmi séu nefnd. // Tónlistarmaðurinn Björn Kristjánsson, betur þekktur sem **Borko**, blæs til tónlistarhátíðar í nýja heimabænum sínum, **Drangsnesi**, **14. júní**. Hátíðin ber heitið **Sumarmölin**, en Borko hefur í vetur staðið fyrir tónleikaröð í bænum Drangsnesi undir yfirskriftinni **Á mölinni**. Á meðal listamanna á Sumarmölinni eru hljómsveitirnar Prins Póló, Samaris og Moses Hightower. // **Hamingjudagar á Hólmavík** bera nafn með rentu, en á þeirri góðu bæjarhátíð fá allir aldurshópar notið hamingjunnar. Hátíðin í ár fer fram helgina **27. - 29. júní** og er óhætt að búast við fjölbreyttri dagskrá. Eitt skemmtilegasta safn landsins, **Sauðfjársetur á Ströndum**, stendur til að mynda fyrir sínum árlegu Furðuleikum á sunnudeginum **29. júní**, en þar er gjarnan keppt í heldur óhefðbundnum íþróttum. Farsímakast og trjónufótbolti eru á meðal greina. // Helgina **27. - 29. júní** breytist **Vesturbyggð** í sannkallaða ævintýraveröld, en þá er haldin þar svokölluð **Steampunk-hátíð**. Upp á íslensku kallast hreyfingin Gufupönk, en þar er á ferðinni ævintýraheimur gufualdar, draumar og framtíðarspár rithöfunda og vísindamanna Viktoríutímans. Nýtur stefnan sívaxandi vinsælda á heimsvísu. Dagskráin verður sömuleiðis ævintýrleg: tónleikar, leikýningar og hlöðuball er bara brot af uppákomum í **Bíldalíu**, eins og byggðin mun kallast þessa daga.

JÚLÍ

Tónlistarhátíðin **Rauðasandur festival** fer fram helgina **3. - 6. júlí**, í stórkostlegu umhverfi á samnefndum sandi. Á meðal þeirra listamanna sem koma fram á hátíðinni í ár eru Emiliana Torrini, Sam Amidon, Lay Low og hljómsveitirnar Moses Hightower og Ylja, svo dæmi séu nefnd. Frekari upplýsingar má finna á raudasandur.is. // Sömu helgi, eða **3. - 6. júlí**, er hátíðin **Dýrafjarðardagar** haldin á **Pingeyri**. Eins og fyrri ár kennir ýmissa grasa í dagskránni, en að vanda eru víkingar og ýmislegt þeim tengt áberandi. // **Markaðshelgin í Bolungarvík** verður haldin dagana **4. - 5. júlí**. Markaðsdagurinn er blanda af öflugum markaðstorgi, tónlistar- og fjölskylduskemmtun með fjölbreyttum leiktækjum fyrir krakka á öllum aldri og sótt af þúsundum manna á hverju ári. Nánari upplýsingar má nálgast á bolungarvik.is. // Helgina **10. - 13. júlí** er komið að Súgfirðingum að gleðjast, en þá er haldin **Sæluhelgi á Suðureyri** með pompi og pragt. Vegleg dagskrá, gleði og glaumur og svo til alltaf gott veður! Fylgist með á sudureyri.is. // **Byggðasafn Vestfjarða** efnir til árlegrar **saltfiskveislu** sinnar í Neðstakaupstað á Ísafirði **12. júlí** næstkomandi. Gleði, góður matur, glens og gaman á þessum skemmtilega stað. Frekari upplýsingar á nedsti.is. // Hin árvissa **Hlaupahátíð** fer fram í Ísafjarðarbæ og nágrenni dagana **18. - 20. júlí**. Þar er til dæmis keppt í sjósundi, skemmtiskokki, þríþraut, fjallahjólreiðum og Vesturgötunni, þar sem hlaupið er um hinn ægifagra Svalvogaveg. Frekari upplýsingar má finna á síðunni hlaupahatid.is. // **Reykhóladagarnir** eru haldnir hátíðlegir þar í sveit helgina **25. - 27. júlí** með geysimörgum uppákomum, glensi og gríni fyrir alla fjölskylduna. Um þennan viðburð og aðrar uppákomur í Reykhólasveit má lesa nánar á vefnum reykholar.is.

ÁGÚST

Mýraboltinn á Ísafirði er á sínum stað um Verslunarmannahelgina **1. - 3. ágúst**. Það hefur enginn spilað fótbolta fyrr en hann hefur spilað mýrabolta - og ef hugurinn stendur ekki til íþróttaiðkunar er ekki heldur leiðinlegt að fylgjast með af hliðarlínunni. Allar frekari upplýsingar má nálgast á myrabolti.com. // Annar fastur liður á Verslunarmannahelgi í Ísafjarðarbæ er **sandkastalakeppnin í Holti** í Önundarfirði sem fram fer á laugardeginum **2. ágúst**. Kjörið tækifæri fyrir unga sem aldna til að veita sköpunarþránni útrás og búa til sandlistaverk - og hljóta jafnvel verðlaun fyrir. // Einleikjahátíðin **Act alone** fer fram á Suðureyri dagana **7. - 10. ágúst**. Dagskráin er vegleg - og einleikin - að vanda, með tónlistaruppákomum og dansverkum samhliða leiklistinni. Eins og áður er frítt inn á alla viðburði hátíðarinnar. Nánari upplýsingar á actalone.net. // Hið árlega og stórmerkilega **Íslandsmeistaramót í hrútaðómum** fer fram á Sauðfjársetrinu á Ströndum laugardaginn **16. ágúst**. Þar spreyta bæði þaulreyndir og alls óvanir hrútaþuklarar sig á að raða vænum Strandahrútum í rétta röð eftir gæðum. Vegleg verðlaun í boði, svo ekki sé minnst á óborganlega skemmtun. // Eins og nafnið gefur til kynna eru bláberin í aðalhlutverki á hátíðinni **Bláberjadögum** sem haldnir eru í Súðavík helgina **22. - 24. ágúst**. Eins og fyrri ár verða fjölbreytt skemmtiatriði á boðstólum fyrir hátíðargesti, eins og gönguferðir, barnaíþróttamót, tónleikar, brenna og ball. Fylgist með á síðunni blaberjadagar.com.

VÍKING

Café - Restaurant - Bar
Jón Indíafari

VÍKING

S Ú Ð A V Í K

Fiskfang dagsins
Pizzur bakaðar á staðnum
Hamborgarar
Samlokur



BÚÐIN OKKAR

Verið hjartanlega
velkomin



Hótel
Djúpavík



Hótel Djúpavík býður ykkur velkomin.
Gisting, veitingar, gönguleiðir, bátaleiga og
kajakleiga. Munið Sögusýningu Djúpavíkur.
Sími 451 4037 • Fax 451 4035
Vefsíða: djupavik.is
Netfang: djupavik@snerpa.is



Við erum líka á Facebook
<https://www.facebook.com/hotel.djupavik>



Sigríður og Kristján björguðu sjálf ýmsum munum úr Litlabæ, þar sem nú er vísir að safni.

Fá kaffihús á landinu búa yfir jafnmiklum sjarma og Litlabær í Skötufirði. Þar halda ábúendur á Hvítanesi úti litlu kaffihúsi yfir sumarmánuðina, auk þess sem gestum býðst að skoða bæinn, sem stendur svo sannarlega undir nafni. Að rekstrinum standa hjónin Sigríður Hafliðadóttir og Kristján Kristjánsson sem sáu fram á að eitthvað þyrfti að gera í bænum þegar fleiri og fleiri vildu fá að kíkja á hann á leið sinni um Skötufjörðinn.

„Fólk var alltaf að koma við til að fá að skoða, svo við fórum að vera þarna yfir daginn og bjóða upp á kaffi og vöffur,“ segir Sigríður, en nú er opið í Litlabæ sjötta sumarið í röð. Sigríður segir sumaropnuna löngu vera orðinn fastan punkt í tilverunni og tilhlökkunarefni.



Vöfflustopp í Litlabæ svíkur engan.

Sjarminn á Litlabæ

„Þetta er svo yndislegt, bara! Við opnuðum 15. maí og til að byrja með koma helst útlendingar, og þeir verða svo glaðir að fá að sjá bæinn. Og þá verðum við svo glöð! Ég veit ekkert skemmtilegra en að fá að vera hér að taka á móti svona jákvæðu og yndislegu fólki,“ segir Sigríður brosandí.

Búið var á Litlabæ til ársins 1969, en þangað rekur stór og fríður flokkur fólks ættir sínar. Kristján, eiginmaður Sigríðar, er einmitt sá síðasti sem fæddist í bænum og er uppalinn í honum. Til að byrja með bjuggu tvær stórar fjölskyldur í húsinu og deildu þá rúmlega tuttugu manns með sér húsinu - nokkuð sem margir gestir í Litlabæ eiga erfitt með að ímynda sér. Eftir að bærin fór úr byggð og húsið fór smám

saman að grotna niður forðuðu Sigríður og Kristján ýmsum munum úr bænum og héldu til haga. Síðar afhentu þau bæinn Þjóðminjasafni Íslands til varðveislu, en safnið stóð fyrir því að hann yrði lagfærður og gerður upp. Í dag er í bænum vísir að safni, aðallega með þeim munum sem þau Sigríður og Kristján björguðu á sínum tíma.

Litlabær verður opinn alla daga frá 15. maí til 15. september, frá klukkan 10 til 17, en ef leiðin liggur um Skötufjörð utan þess tíma er ekkert því til fyrirstöðu að banka upp á í Hvítanesi. „Ef við erum heima, sem við erum nú eiginlega alltaf, þá erum við alveg tilbúin að taka á móti fólki og leyfa þeim að kíkja á bæinn. Og við hellum líka upp á könnuna ef fólk vill!“



LÖGREGLUSTJÓRINN Á VESTFJÖRÐUM

Friðlandið á Hornströndum

Sérstök athygli er vakin á eftirfarandi reglum um friðlandið á Horn-ströndum:

1. Hvers kyns meðferð skotvopna er öllum bönnuð mánuðina júní til september nema að fenginni sérstakri heimild lögreglustjóra. Utan þess tíma er veiði einungis heimil landeigendum til hefðbundinna nytja.
2. Öll veiði, bæði fugla og fiska, svo og notkun á húsum, er bönnuð án leyfis landeiganda, sem í hlut á.
3. Öll umferð vélknúinna ökutækja, þ.á.m. torfærutækja, snjósleða, fjórhjóla, dráttarvéla og jeppabifreiða er bönnuð utan vega og merktra slóða.
4. Á tímabilinu 15. apríl til 15. júní ár hvert, þarf að tilkynna Umhverfisstofnun um ferðalög í friðlandinu. Þetta ákvæði tekur þó ekki til ferða landeigenda.
5. Gangandi fólki er heimil för um svæðið. Þó er skylt að ganga þannig um að ekki sé spillt lífríki, jarðmyndunum og mannvirkjum. Hafið fyrirbyggju í klæðaburði og ferðabúnaði, þar sem allra veðra er von.

Lögreglustjórinn á Vestfjörðum
Úlfar Lúðvíksson

Hornstrandir, Nature reserve

Special attention is drawn to the following rules about the Nature reserve Hornstrandir:

1. All weapons are forbidden to everyone from June until September, unless holding a permission from the District Commissioner. At all other times, hunting/fishing is only permitted to the landowners.
2. Fishing, hunting and the use of private houses is subject to the landowners' permission.
3. All vehicles, such as cross-country, snow mobile, four-wheelers, tractors and jeeps are forbidden outside roads and marked paths.
4. From April 15th until June 15th every year, The Environment Agency of Iceland must be informed about travel in the reserve. This does not apply to landowners.
5. Trekking is permitted in the area. Everyone is obliged to make sure to conserve the ecology, geology and structure of the area. Show foresight in clothing and travel gear, as weather may change at any time.

District Commissioner of the Vestfjords
Úlfar Lúðvíksson



STALDRÁÐU VIÐ Á STRÖNDUM

Kaupfélag Steingrímsfjarðar rekur verslanir á Hólmavík, Drangsnesi og á Norðurfirði. Allar eiga verslanirnar það sameiginlegt að vera með breitt vöruúrval, persónulega og góða þjónustu. Einnig er á Hólmavík glæsilegur veitingaskáli og byggingavörverslun.



Verið velkomin

- Norðurfjörður
 - Dagvörverslun
 - Bensinsjálfsali
- Drangsnæs
 - Dagvörverslun
 - Bensinsjálfsali
- Hólmavík
 - Dagvörverslun
 - Veitingaskáli
 - Bensinsjálfsali
 - Byggingavörur
 - Bílavörur

 **Kaupfélag
Steingrímsfjarðar
Hólmavík**

Höfðatún 4
510 Hólmavík
455 3100
www.ksholm.is

Gistihús og veitingastaður í Vatnsfirði



Hótel,
FLOKALUNDUR

**Gisting
Veitingar
Tjaldsvæði
Verslun
Bensínaafgreiðsla**


Sími 456 2011
Netfang: flokalundur@flokalandur.is
Heimasíða: www.flokalandur.is

TÁLKNAFJÖRÐUR

Góð þjónusta í fallegum bæ

- Eitt besta tjaldsvæði landsins
- 25m. útilaug með rennibraut og heitum pottum
- Fjöl margar gönguleiðir í stórkostlegri náttúru
- Náttúrulaug í fjallasal með fögru útsýni



 456 2639
www.talknafjordur.is

Ljósmynd: Hrafn Snorrason




TRUE VIKING
AFTER SHAVE
NATURAL SPRAY


TRUE VIKING
EAU DE TOILETTE
NATURAL SPRAY

www.trueviking.is

Vestfirskur herrailmur og rakspíri
Söluæðilar: Hótel Ísafjörður - Konur og Menn - Vestfirzka Verzlunin - www.trueviking.is

Þaraböð undir berum himni



Hægt er að kaupa með sér þarabaðsölt og nota heima.



Þarinn hefur ýmis heilsuþætandi áhrif.

Í SjóvarSmíðjunni á Reykhólum er breiðfirskur hrossapari og einstakir eiginleikar hans í fyrirrúmi. SjóvarSmíðjan sameinar parahraefni úr Breiðafirði, fengið frá nágrannanum í Þörungaverksmíðjunni, og heita vatnið sem gnótt er af á svæðinu, og býður ferðalöngum að láta þreytuna líða úr sér í slakandi þarabaði undir berum himni.

Heilsusamlegir eiginleikar þarans hafa verið nýttir í aldaráðir, enda er hollustugildi hans óumdeilt: þarinn inniheldur ýmis vítamín, steinefni, jöð, zink og fleiri efni sem líkaminn

þarfnast. Þá skemmir heldur ekki fyrir hversu góður hann er fyrir húðina.

SjóvarSmíðjan hóf rekstur sumarið 2011 og hefur verið afar vel tekið frá upphafi, enda upplifunin einstök. Hægt er að taka hluta hennar með sér heim í baðkar, því SjóvarSmíðjan selur þarabaðsölt á borð við þau sem notuð eru á staðnum. Framundan eru fleiri nýjungar, nýjar vörur og þjónusta þeim tengd. Þá er SjóvarSmíðjan líka með á teikniborðinu nýja baðaðstöðu þar sem náttúran öðlast enn stærri hlut í upplifuninni, en stefnt er á að færa

böðin niður að fjöruborði.

Vörur og þjónustu SjóvarSmíðjunnar má kynna sér betur á heimasíðunni sjavarsmidjan.is, en smíðjan rekur líka litla kaffistofu, ef hungrið sverfur að eftir böðin. Opið verður frá 14 til 18 daglega í sumar, frá 15. júní til 15. september, en utan þess tíma eftir samkomulagi. Hafa má samband við smíðjuna í síma 577 4800 eða á netfangið sjavarsmidjan@sjavarsmidjan.is.

GOOD, BETTER WEST
for the strangely fantastic

Wild nature, majestic mountains, deep blue fjords, yellow beaches, diverse birdlife and natural tranquility. Sea angling tours, bus tours, super jeep tours, hiking and biking tours and scenic boat trips.

Látrabjarg cliff
Europe's largest bird cliff with thousands of photogenic puffins
Rauðasandur beach
Where seals can be seen sunning with their offsprings
Dyjandi waterfall
Westfjord's largest waterfall and one of Iceland's most beautiful
Hotel, hostel and guesthouse
A new 3 star Fosshotel in the small fishing village of Patreksfjörður, the luxury hostel Ráðagerði in Patreksfjörður and the warm Bjarmaland Guesthouse in Tálknafjörður

WESTFJORDS ADVENTURES
Westfjords Adventures / Ferðalþjónusta Vestfjarða
westfjordsadventures.com / info@westfjordsadventures.com
Aðalstræti 5 / Ólafshús / 450 Patreksfjörður / Tel. 354 456 5006

gistihúsið
vidfjörðinn
guesthouse

*Gisting
Góð aðstaða*

Velkomin | Welcome

Aðalstræti 26 Þingeyri
www.vidfjordinn.is
vidfjordinn@vidfjordinn.is

- Bed and breakfast
- Gisting
- Morgunverður
- Nesti
- Grillveislur og matur fyrir minni hópa

☎ 00354 847 0285
☎ 00354 898 8258
☎ 00354 456 8172

og erum einnig á Facebook



BYGGÐASAFN VESTFJARÐA Westfjords Heritage Museum

TURNHÚS ÍSAFJÖRÐUR

Neðst á Skutulsfjarðareyri, stendur elsta húsabyrping landsins, fjögur hús sem öll voru byggð af einokunarversluninni á 18. öld.

The museum is located in an 18th century building at the tip of the small spit on which the town of Ísafjörður stands. The museum gives a unique insight into the rich maritime history and culture of the area.

**15. MAÍ - 15. SEPT.
KL. 9 - 18**

FULLORÐNIR: KR. 800

ELDRI BORGARAR: KR. 650
ÓKEYPIS FYRIR GRUNNSKÓLABÖRN

Ísafjörður - sími/tel.: 456 3297 - 896 3291 - byggdasafn@isafjordur.is

SMIÐJAN ÞINGEYRI

Smiðja Guðmundar Sigurðssonar er rúmlega 100 ára og er ein merkasta og upprunalegasta smiðja landsins. Heimsókn þangað er upplifun.

The Old Blacksmith's Workshop was founded in 1913 and was the first of its kind in Iceland. It is still operating in its original shape, now as a living museum. An amazing atmosphere for all ages.

**MAY 15TH - SEPT 15TH
9 - 18**

ADULTS KR. 800

SENIORS: KR. 650

www.nedsti.is

GPS: 66° 4,088' N, 23° 7,644' W

WEST TOURS

– The expert on travels in the entire Westfjords peninsula –

- Hornstrandir Nature Reserve
- Boat Schedules
- Local Food Tasting
- Bird Watching
- Bird Watching
- Horseback Riding
- Whale Watching
- Sea Angling
- Boat Tours
- Kayaking
- Excursions
- Hiking
- Cultural Walks
- Packages
- Workshops
- Bike Tours
- Car Rental
- Accommodation



West Tours - Vesturferðir

Ferðaskrifstofa / Travel Agency

Sími/Tel: 456 5111,

westtours@westtours.is, www.westtours.is

KAYAK CENTER
ICELAND

Sudurtangi 2 - 400 Isafjordur - Iceland

Phone: +354 895 5518 +354 661 6475

Email: info@kayakcenter.is

Website: http://www.kayakcenter.is

 KayakCenterIceland

**Veitingastofan Vegamót
Bíldudal**



**Veitingar
Verslun**

S. 456 2232, 898 2563

Veitingastofan Vegamót er á facebook



Gisting og kajakleiga
á Flateyri

Accommodation and Kayak Rent in Flateyri
Tel: 456-7762 & 863-7662 - Mail: kajak@simnet.is
www.kajaktravel.net

Víða leynast náttúruperlur
Þiðriksvalladalur - Þiðriksvallavatn



www.ov.is - Sími 450 3280

PURKA HANDVERK



Hafnarstræti 11 • 425 Flateyri
Sími 456 7710
opið 11.00 - 17.00 í júní, júlí og ágúst
Aðra mánuði opið á sunnudögum,
mánudögum og fimmtudögum
frá 13.00 til 17.00
www.purka.net

Kirkjuból í Bjarnardal

Icelandic farm holidays

Njóttu þess að gista í fallegu umhverfi í
Öndarfirðinum í sumar.

Fimm 2ja manna herbergi, með eða án baðs.
Boðið er upp á morgunverð og einnig er hægt að
fá kvöldverð ef þantað er fyrirfram.

Eldunaraðstaða og internetaðgangur fyrir gesti.



Sími: 456 7679 info@kirkjubol.is www.kirkjubol.is

N 65°58,335 - W 23°26,003

Hótel Sandafell



Gistihús / Guesthouse // Veitingastaður / Restaurant

Gistihús og veitingastaður staðsett í stórbrötnu umhverfi Dýrafjarðar
A guesthouse and a restaurant placed in the magnificent nature of Westfjords
Rúmgóð herbergi með útsýni / Rooms with a view
Þráðlaust internet / Wireless internet

www.hotelsandafell.com
tel: +354 456 1600

Vaction home in Flateyri



Sími: 860 6062

annska@it.is

HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA

SMURÞJÓNUSTA

BREMSUÞJÓNUSTA

PÚSTÞJÓNUSTA

LJÓSAÞJÓNUSTA

SMÁVIÐGERÐIR

VARAHLUTAÞJÓNUSTA

BÍLAVERIÐ ehf

HJÓLBARÐAVERKSTÆÐI ÍSAFJARÐAR

Sindragata 14, 400 Isafjörður • Símar: 456 3501 / 894 9499
Netfang: bilaverid@bilaverid.is / Veffang: bilaverid.is

Hjá okkur færðu meðal annars:

Leikföng, íslenskt/erlent þrjónagarn,
þrjóna, tölur, tvinnu og margt fleira

Við tökum vel á móti þér!



Hafnarstræti 6, Ísafirði, sími 456 3990

Finna Hótel

Verið velkomin á Finna Hótel, Hólmavík

Gisting allt árið um kring.
Uppbúin rúm og morgunmat.
Svefnpokapláss og eldunaraðstaða.

Falleg gisting í fallegu umhverfi.

www.finnahotel.is
Borgabraut 4, 510 Hólmavík
Sími: 451-3136 netfang: finnahotel@simnet.is



STÚKUHÚSIÐ
PATREKSFIRÐI
CAFÉ/RESTAURANT

Aðalstræti 50
450 Patreksfirði
stukuhusid@simnet.is
www.stukuhusid.is

✓ Soup
✓ Delicious food
✓ Cakes
✓ Quality coffee and dinner



Opið allt árið.
Sumaropnun 11:00-23:00 alla daga
Vetraropnun breytileg. Sjá heimasíðu

Open all year.
Summer 11:00am - 11:00pm
Winter variability, see the website


Litlibær í Skötufirði



Opið alla daga
frá 10:00 til 17:00

Kaffi og heimagert
meðlæti

Margskonar handverk
S: 456 4809 / 894 4809



Heydalur

456 48 24 - heydalur@heydalur.is
www.heydalur.is

**Handverksmarkaður
KARITAS
Aðalstræti 20**

Opið 11-18
júní - ágúst


*Vestfirskt
handverk*

Golfklúbbur Ísafjarðar



Veitingar í golfskála

Tungudal - Sími: 456 5081 - gj@snerpa.is



ÖGUR TRAVEL
Kayak and Hiking Trips
in the Historical Region
of the Westfjords

www.ogurtravel.com
Ögur ehf. • ogur@ogurtravel.com • Tel: +354 857-1840

LEIFSBÚÐ CAFÉ
við höfnina í Búdardal



Opið alla daga 12:00 - 18:00



LÍFEYRISSJÓÐUR VESTFIRÐINGA

Starfsemi á árinu 2013

(Allar fjárhæðir í milljónum kr.)

Efnahagsreikningur:	31.12.2013	31.12.2012
Fasteignir	30	31
Verðbréf með breytilegum tekjum	17.493	15.092
Verðbréf með föstum tekjum	15.375	14.963
Veðlán	668	706
Bundin innlán	453	237
Kröfur	483	588
Aðrar eignir	153	201
Skuldir	-72	-157
Hrein eign til greiðslu lífeyris	34.583	31.661

Breytingar á hreinni eign	2013	2012
Iðgjöld	1.201	1.128
Lífeyrir	-971	-916
Fjárfestingartekjur	2.825	3.398
Fjárfestingargjöld	-37	-27
Rekstrarkostnaður	-96	-94
Hækkun á hreinni eign á árinu	2.922	3.489
Hrein eign frá fyrra ári	31.661	28.172
Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris	34.583	31.661

Kennitölur	2013	2012
Nafnávöxtun	8,6%	11,7%
Raunávöxtun	4,9%	7,1%
Vísitöluhækkun	3,7%	4,6%
Eignir umfram heildarskuldbindingar	-4,9%	-7,6%
Eignir í ísl. kr.	69,8%	70,9%
Eignir í erl. gjaldmiðlum	30,2%	29,1%
Fjöldi greiðandi sjóðfélaga	3533	3360
Fjöldi lífeyrisþega	1638	1581

Afkoma

Nafnávöxtun sjóðsins 2013 var 8,6% sem jafngildir 4,9 % raunávöxtun. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar sjóðsins sl. 5 ár er 2,6%. Raunávöxtun innlendra hlutabréfa á árinu var 5,8%, erlendra hlutabréfa 9,7%, veðskuldabréfa 4,6%, markaðsbréfa fyrirtækja 3,3%, skuldabréfa sveitarfélaga 4,9% og ríkisskuldabréfa 6,4%.

Séreign

Hrein eign séreignardeildar í árslok var 583 milljónir og hafði hækkað um 63 milljónir frá fyrra ári. Hækkun eigna deildarinnar milli ára er 12,1%. Nafnávöxtun ársins var 13,2%, sem jafngildir 9,5% raunávöxtun.

Tryggingarfræðileg staða

Staða sjóðsins er innan þeirra marka sem bráðabirgðaákvæði laga um lífeyrissjóði setur.

Stjórn sjóðsins

Katrín Skúladóttir, formaður stjórnar
Jón Grétar Kristjánsson

Finnbogi Sveinbjörnsson, varaformaður stjórnar
Margrét Jóhanna Birkisdóttir, ritari

Framkvæmdastjóri sjóðsins er Guðrún K. Guðmannsdóttir



LÍFEYRISSJÓÐUR
VESTFIRÐINGA
Hafnarstræti 9
400 Ísafirði
Sími: 456-4233
www.lvest.is
afgr@lvest.is

Galdrasýning á Ströndum

Fróðlegar og skemmtilegar sýningar um galdramál 17. aldar

The Sorcerer's Cottage



Kotbýli kuklarans í Bjarnarfirði

The Museum of Witchcraft



Galdrasafnið á Hólmavík

Kaffi Galdur - Café



Kaffi Galdur - kaffihús á Hólmavík
www.galdrasyning.is/kaffigaldur

Opið alla daga / Open every day

ICELANDIC Sorcery & Witchcraft

Fascinating and unusual museums
in Hólmavík and Bjarnarfjörður

Sími 451 3525 - galdrasyning@holmavik.is - www.galdrasyning.is